**Bæjarstjórn Garðabæjar 9. (831)/2018**

Boðað er til 9. (831). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 21. júní 2018 kl. 17:00 í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli.

Dagskrá:

1. 1801001 - Greinargerð kjörstjórnar um úrslit kosninganna 26. maí 2018.

2. 1806155 - Kosning forseta bæjarstjórnar og 1. og 2. varaforseta til eins árs

3. 1806154 - Ráðning bæjarstjóra

4. 1806152 - Kosning nefnda til eins árs
   a) Bæjarráð fimm aðalmenn

5. 1806153 - Kosning nefnda til tveggja ára
   a) Stjórn Sorpu bs. – Aðalmaður og einn til vara.
   b) Stjórn Strætó bs. – Aðalmaður og einn til vara

6. 1806151 - Kosning fastanefnda til fjögurra ára
   a) Fjölskylduráð 5+5
   b) Íþrótta- og tómstundaráð 5+5
   c) Kjörstjórn 3+3
   d) Leikskólanefnd 5+5
   e) Mannréttinda- og forvarnanefnd 5+5
   f) Menningar- og safnanefnd 5+5
   g) Nefnd um málefni eldri borgara 5+5
   h) Skipulagsnefnd 5+5
   i) Skólanefnd grunnskóla 5+5
   j) Skólanefnd Tónlistarskóla Garðabæjar 5+5
   k) Stjórn Hönnunarsafns Íslands 3+3
   l) Umhverfisnefnd 5+5

7. 1806150 - Kosning í samstarfsnefndir
   a) Almannavarnarnefnd
   b) Stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins 1+1
   c) Fulltrúaráð Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu 4+0
   d) Heilbrigðisnefnd 1+1
   e) Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins 2+0
   f) Stjórn Hjálparsjóðs Garðasóknar 1+1
   g) Stjórn Reykjanesfólkvangs 1+1
   h) Stjórn SSH bæjarstjóri+1
   i) Stjórn SHS bæjarstjóri +1
   j) Þjónustuhópur aldraðra

8. 1806112 - Kosning fulltrúa á landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga 2018-2022
   Fimm aðalfulltrúa og fimm varafulltrúa

9. 1805035F - Fundargerð bæjarráðs frá 25/5'18.

10. 1805038F - Fundargerð bæjarráðs frá 29/5'18.

11. 1805029F - Fundargerð bæjarráðs frá 22/5'18.

12 1806001F - Fundargerð bæjarráðs frá 5/6'18.

13. 1805027F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 18/5'18.

14. 1806004F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 7/6'18.

15. 1805024F - Fundargerð íþrótta- og tómstundaráðs frá 16/5'18.

16. 1805020F - Fundargerð mannréttindar- og forvarnarnefndar frá 16/5'18.

17. 1805015F - Fundargerð nefndar um málefni eldri borgara frá 8/5'18.

18. 1805017F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 14/5'18.

19. 1805022F - Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla frá 16/5'18.

20. 1805036F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 25/5'18.

21. 1804032F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 18/4'18.

22. 1712013F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 6/12'17.

23. 1801175 - Fundargerði SSH frá 4/6'18.

24. 1802195 - Fundargerðir samstarfsnefndar skíðasvæða frá 9/5'18.

25. 1801362 - Fundargerð Sorpu frá 23/5'18.

26. 1801146 - Fundargerðir Strætó bs frá 18/5'18.

27. 1801390 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 28/5'18.

28. 1806201 - Tillaga Garðabæjarlistans um systkina- og fjölgreinaafslátt.

29. 1806200 - Tillaga Garðabæjarlistans um fjölgun fulltrúa í nefnd.

30. 1710169 - Niðurstöður matsnefndar um byggingu fjölnota íþróttahús.

31. 1707051 - Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun 2018.

32. 1806149 - Sumarleyfi bæjarstjórnar

Boðað er til fyrsta fundar nýkjörinnar bæjarstjórnar Garðabæjar samkæmt ákvæði 2. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Garðabæ, 15. júní 2018

Áslaug Hulda Jónsdóttir,
bæjarfulltrúi.

**Bæjarstjórn Garðabæjar**
**8. (830). fundur 2018**

Fimmtudaginn 17. maí 2018 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Almar Guðmundsson, Sturla D Þorsteinsson, Guðrún Elín Herbertsdóttir, Halldór Jörgen Jörgensson, Steinþór Einarsson og María Grétarsdóttir.

Auk þess sat fundinn Gunnar Einarsson, bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Jóna Sæmundsdóttir, forseti bæjarstjórnar setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 3. maí 2018 er lögð fram.

Gunnar Valur Gíslason, kvaddi sér hljóðs og ræddi framlagða bókun og málefni Strætó bs.

María Grétarsdóttir, kvaddi sér hljóðs og ræddi sama mál.

Halldór Jörgensson, kvaddi sér hljóðs og vakti athygli á misritun á eftirnafni sínu í fundargerð.

Guðrún Elín Herbertsdóttir, kvaddi sér hljóðs og spurði um afgreiðslu tiltekins mál sem sent var bæjarstjórn en hefur ekki verið tekið fyrir.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri svaraði fyrirspurn og útskýrði málið.

Guðrún Elín Herbertsdóttir. kvaddi sér hljóðs að nýju.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, kvaddi sér hljóðs og ræddi afgreiðslu tiltekins máls.

Gunnar Valur Gíslason, kvaddi sér hljóðs að nýju og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Undirbúningur að innkaupum á akstri almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu hófst í maí 2014. Fyrir lá að þáverandi aksturssamningum lyki í ágúst 2016.
Í ágúst 2014 var samþykkt að fara svokallaða samningskaupaleið og var þá ráðist í gerð innkaupagagna. Á fundi stjórnar í maí 2015 voru innkaupagögn samþykkt og samningskaupin formlega auglýst í kjölfarið á evrópska efnahagssvæðinu. Í júlí 2015 lá fyrir að tveir aðilar höfðu óskað eftir þátttöku í útboðinu og voru þeir báðir metnir hæfir til þátttöku í samningskaupum. Haldnir voru fundir með báðum aðilum á fjórum stigum samningskaupaferlisins og lauk fjórða stigi þess við móttöku endanlegra lausna og verðtilboða í nóvember 2015. Í matsnefndinni sem annaðist viðræður við bjóðendur sátu, auk lykilstjórnenda Strætó, lögmaður frá Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar og aðkeyptur ráðgjafi.
Í miðju þessu ferli barst Strætó bs. formleg tilkynning frá fjármála- og efnahagsráðuneyti, í kjölfar endurskoðunar ráðuneytisins á reglum um virðisaukaskatt og ferðaþjónustu, um að kaup Strætó á akstri af þriðja aðila yrðu virðisaukaskattskyld þann 1. janúar 2016. Á móti gæti sá aðili fengið endurgreiddan innskatt af aðföngum vegna þjónustunnar. Strætó gat brugðist við þessari breyttu stöðu í samningskaupaferlinu og voru boðin verð þátttakenda því með virðisaukaskatti í samræmi við þá túlkun. Þann 10. desember 2015, eftir að samningskaupaferlinu var lokið, gaf ríkisskattstjóri út það álit að aðkeypt akstursþjónusta, eins og sú sem Strætó hafði nýlokið samningskaupum um, skyldi vera undanþegin virðisaukaskatti. Var það álit í andstöðu við áður útgefna yfirlýsingu fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Þar með lá fyrir að Strætó væri ekki heimilt að greiða reikninga fyrir umrædda

þjónustu með virðisaukaskatti. Þessi breytta staða leiddi einnig til þess að fyrirtækin tvö fengju heldur ekki endurgreiddan innskatt af aðföngum vegna þjónustunnar eins og þau höfðu reiknað með í verðum sínum.
Í ljósi þessarar breyttu stöðu var óskað eftir viðræðum við báða samningsaðila Strætó um farsæla lausn málsins og að fundin yrði sanngjörn og eðlileg breyting á verðum, án virðisaukaskatts. Þeim viðræðum lauk í mars 2016 með samkomulagi við fyrirtækin tvö um meðallækkun sem nam um 2,1% frá tilboðum með virðisaukaskatti. Hafði þá verið tekið tillit til þess að allur kostnaður fyrirtækjanna tveggja hækkaði við það að þau fengju ekki endurgreiddan innskatt af aðföngum vegna þjónustunnar eins og þau höfðu reiknað með í verðum sínum með virðisaukaskatti.
Að mati matsnefndar var þetta sanngjörn lausn á málinu og var gengið frá viðaukasamningum við báða aðilana í maí 2016 á grundvelli þessarar niðurstöðu.“

María Grétarsdóttir kvaddi sér hljóðs og vildi að fram kæmi að hún hafi beðið um staðfestingu frá ríkisskattstjóra á framsettum útskýringum stjórnenda Strætó að hækkun samninganna megi rekja til þess að innskattur á gjaldareikningum skuli nú ekki frádráttabærir til skatts hjá undirverktökum (þ.e. Hópferðum-Kynnisferðum og Hagvögnum), en ekki fengið. Óskað er eftir slíkri staðfestingu frá ríkisskattstjóra.

Gunnar Valur Gíslason, kvaddi sér hljóðs að nýju

María Grétarsdóttir, kvaddi sér hljóðs að nýju.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1805007F - Fundargerð bæjarráðs frá 8/5 ´18.**

Guðrún Elín Herbertsdóttir, ræddi 22 tl., fyrirspurn Bjartrar framtíðar um framkvæmdir við fjölnotasal.

Sturla Þorsteinsson, kvaddi sér hljóðs og spurði um hönnun og framkvæmdir við sundlaugina við Ásgarð.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri ræddi 22. tl., fyrirspurn Bjartrar framtíðar um framkvæmdir við fjölnotasal og hönnun og framkvæmdir við sundlaugina og svaraði fyrirspurnum.

Sturla Þorsteinson, kvaddi sér hljóðs að nýju og þakkaði fyrir svarið.

Steinþór Einarsson, ræddi hönnun og framkvæmdir við sundlaugina.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi hönnun og framkvæmdir við sundlaugina, 13. tl., val á bæjarlistamanni og 14. tl., úthlutun styrkja úr hvatningarsjóði ungra listamanna. Áslaug Hulda óskaði bæjarlistamanni Garðabæjar og styrkþegum til hamingju með viðurkenningarnar og þakkaði menningar- og safnanefnd fyrir glæslega uppskeruhátíð menningarmála.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi hönnun og framkvæmdir við sundlaugina og gat þess að sérstaklega hafi verið horft til aðgengismála við framkvæmdina.

Almar Guðmundsson, ræddi hönnun og framkvæmdir við sundlaugina og sagði frá störfum starfshóp sem er að skoða möguleika á starfsemi heilsuræktarstöðvar í Ásgarði.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 23. tl., greinargerð starfshóps um fjölnota menningar- og fræðamiðstöð í Garðabæ.

Halldór Jörgensson, ræddi hönnun og framkvæmdir við sundlaugina.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 19. tl., bréf GÓ um rekstrarleyfi fyrir gistiaðstöðu að Bólstað og 20. tl., umsagnarbeiðni vegna umsóknar um leyfi fyrir gististað að Strandvegi 13.

Jóna Sæmundsdóttir ræddi hönnun og framkvæmdir við sundlaugina. Þá ræddi Jóna 13. tl., val á bæjarlistamanni og 14. tl., úthlutun styrkja úr hvatningarsjóði ungra listamanna og tók undir hamingjuóskir til bæjarlistamanns og ungra styrkþega hvatningarsjóðs.

Sturla Þorsteinsson, ræddi 13. tl., val á bæjarlistamanni og menningaruppskeruhátíð.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri ræddi 19. tl., bréf GÓ um rekstrarleyfi fyrir gistiaðstöðu að Bólstað og 20. tl., umsagnarbeiðni vegna umsóknar um leyfi fyrir gististað að Strandvegi 13.

*Afgreiðsla mála.*
Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa til kynningar samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að lýsingu samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna gerðar rammahluta aðalskipulags fyrir Vífilsstaðaland og Hnoðarholt þar sem lýst er þróun nýrrar byggðar og einstaka deiliskipulagsáföngum, sbr. 4. mgr. 28. gr. skipulagslaga.

Bæjarstjórn samþykkir með tíu atkvæðum tillögu skipulagsnefndar samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholts og Vetrarmýrar. Tillagan skal auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

María Grétarsdóttir, kvaddi sér hljóðs við afgreiðslu tillögunnar og gerði grein fyrir atkvæði sínu. María situr hjá við afgreiðslu tillögunnar.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Hliðs á Álftanesi, samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, vegna færslu byggingarreitar.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að hafna umsókn um breytingu á deiliskipulagi Ásahverfis en sótt er um stækkun byggingarreits vegna byggingar sólskála við íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsinu við Arnarás 19.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að leyfa útgáfu byggingarleyfis samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna viðbyggingar og breytinga á einbýlishúsinu við Engimýri 7. Grenndarkynning hefur farið fram samkvæmt 2. mgr. sömu greinar og bárust engar athugasemdir.

Fundargerðin sem er 26 tl. er samþykkt samhljóða.

## 2. 1805019F - Fundargerð bæjarráðs frá 15/5 ´18.

Guðrún Elín Herbertsdóttir, ræddi 15. tl., svar við fyrirspurn um samstarfsamning við Stjörnuna og spurði um afstöðu til þess að hafa ákvæði um að veita systkinaafslátt af æfingagjöldum þegar samningurinn verður endurnýjaður.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri ræddi 15. tl., svar við fyrirspurn um samstarfsamning við Stjörnuna og svaraði fyrirspurn.

Sturla Þorsteinsson, ræddi 13. tl., bréf Alþjóðskólans um að breyta bílskúr við Þórsmörk í aðstöðu fyrir kennslu.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 13. tl., bréf Alþjóðskólans um að breyta bílskúr við Þórsmörk í aðstöðu fyrir kennslu og 15. tl., svar við fyrirspurn um samstarfsamning við Stjörnuna og afstöðu til systkinaafsláttar.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 13. tl., bréf Alþjóðskólans um að breyta bílskúr við Þórsmörk í aðstöðu fyrir kennslu og 15. tl., svar við fyrirspurn um samstarfsamning við Stjörnuna og afstöðu til systkinaafsláttar.

Sturla Þorsteinsson, ræddi 15. tl., svar við fyrirspurn um samstarfsamning við Stjörnuna og afstöðu til systkinaafsláttar. Sturla ræddi að nýju 13. tl., bréf Alþjóðskólans um að breyta bílskúr við Þórsmörk í aðstöðu fyrir kennslu.

Steinþór Einarsson, ræddi 15. tl., svar við fyrirspurn um samstarfsamning við Stjörnuna og afstöðu til systkinaafsláttar.

Áslaug Hulda Jónsdóttir ræddi 15. tl., svar við fyrirspurn um samstarfsamning við Stjörnuna og afstöðu til systkinaafsláttar.

Guðrún Elín Herbertsdóttir, ræddi að nýju 15. tl., svar við fyrirspurn um samstarfsamning við Stjörnuna og afstöðu til systkinaafsláttar.

María Grétarsdóttir ræddi 15. tl., svar við fyrirspurn um samstarfsamning við Stjörnuna og afstöðu til systkinaafsláttar.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri ræddi að nýju 15. tl., svar við fyrirspurn um samstarfsamning við Stjörnuna og afstöðu til systkinaafsláttar.

*Afgreiðsla mála*
Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að veita lóðarhafa að Lyngholti 1 leyfi til að reisa 180 cm háan vegg við lóðarmörk en umsókn um stækkun lóðar er hafnað. Tillagan var grenndarkynnt og bárust engar athugasemdir

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Holtstún á Álftanesi samkvæmt 3. mgr. 41 gr. skipulaglaga nr. 123/2010. Í athugasemdafresti barst ein athugasemd um breytingu á lóðarmörkum og aðkomu sem fallist er á. Um er að ræða minnháttar tilvik sem krefst ekki endurauglýsingu tillögunar samkvæmt 4. mgr, 41. gr. skipulagslaga. Niðurstaða bæjarstjórnar skal auglýst

Fundargerðin sem er 22 tl er samþykkt samhljóða.

**3. 1804049F - Fundargerð leikskólanefndar frá 8/5 ´18.**

Fundargerðin lögð fram.

**4. 1803012F - Fundargerð nefndar um málefni eldri borgara í Garðabæ frá 15/2 ´18.**

Sturla Þorsteinsson, ræddi 3. tl., upplýsingarit fyrir eldir borgara.

Fundargerðin lögð fram.

**5. 1804047F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 3/5 ´18.**

Almar Guðmundsson, ræddi 3. tl., tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholts og Vetrarmýrar

Fundargerðin lögð fram.

**6. 1805009F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 11/5 ´18.**

Sigurður Guðmundsson, ræddi 1. tl., nýtt deiliskipulag fyrir Lundahverfi og 2. tl., deiliskipulag fyrir miðsvæði Álftaness.

Fundargerðin lögð fram.

**7. 1805004F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 7/5 ´18.**

Jóna Sæmundsdóttir, 1. tl., dreifingu fjölnota taupoka, 2. tl., hreinsunarátak 2018 og 3. tl., náttúrusvæði í Garðabæ starfsárið 2017.

Steinþór Einarsson, ræddi 2. tl., hreinsunarátak 2018.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi að nýju 2. tl., hreinsunarátak 2018.

Fundargerðin lögð fram.

**8. 1801390 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 30/4 ´18.**

Fundargerðin lögð fram.

**9. 1801146 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 27/4 og 4/5 ´18.**

Fundargerðin lögð fram.

**10. 1802055 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins frá 4/5 ´18.**

Sigurður Guðmundsson, ræddi 2. tl., úttekt á rými innan svæðisskipulags undir athafna- og iðnaðarsvæði.

Fundargerðin lögð fram.

**11. 1801175 - Fundargerð stjórnar SSH frá 7/5 ´18.**

Sturla Þorsteinsson, ræddi 2. tl., skýrslu Alta vegna greiningar á rekstri sameiginlegrar ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.

Fundargerðin lögð fram.

**12. 1805157 - Fundargerð stjórnar SHS frá 4/5 ´18.**

Fundargerðin lögð fram.

**13. 1801362 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 4/5 ´18.**

Sturla Þorsteinsson, ræddi 1. tl., niðurstöður útboðs vegna framkvæmda við byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar og 4. tl., viljayfirlýsingu sorpsamlaganna á Suðvesturlandi.

Fundargerðin lögð fram.

**14. 1801172 - Viljayfirlýsing um uppbyggingu á golfsvæði GKG við Vífilsstaði.**
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri gerði grein fyrir tillögu að viljayfirlýsingu um uppbyggingu á golfsvæði GKG við Vífilsstaði. Bæjarstjóri lagði til að bæjarstjórn samþykki framlagða viljayfirlýsingu.

María Grétarsdóttir, kvaddi sér hljóðs kvaðst sitja hjá við afgreiðslu málsins og gerði grein fyrir afstöðu sinni.

Almar Guðmundsson, kvaddi sér hljóðs og ræddi framlagða viljayfirlýsingu.

Sturla Þorsteinsson, kvaddi sér hljóðs og lýsti yfir stuðningi við viljayfirlýsinguna og gerði grein fyrir afstöðu sinni.

Bæjarstjórn samþykkir með tíu atkvæðum viljayfirlýsingu Garðabæjar og Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar um uppbyggingu á golfsvæði við Vífilsstaði.

María Grétarsdóttir situr hjá.

**15. 1801001 - Tillaga um að veita bæjarráði umboð til að gera leiðréttingar á kjörskrá.**

Bæjarstjórn samþykkir að veita bæjarráði umboð til að taka til meðferðar athugasemdir við kjörskrá vegna kosninga til sveitarstjórnar sem fram eiga að fara 26. maí 2018 og gera viðeigandi leiðréttingar á henni samkvæmt 10. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998.

Steinþór Einarson, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi bókun:

Ágæta bæjarstjórn, nú eru tímamót hjá mér, síðasti fundurinn í bæjarstjórn Garðabæjar eftir tólf ára setu. Ég verð að viðurkenna að það kom mér á óvart fyrir fjórum árum, þegar bæjarritari sagði sposkur á svip að ég þyrfti að stjórna fyrsta fundi bæjarstórnar á nýju kjörtímabili, sem elsti starfandi bæjarfulltrúinn. Líklega er það í fyrsta skipti sem einhver annar en fulltrúi Sjálfstæðisflokks stýrir fundi bæjarstjórnar, ég ætla þó ekki að fullyrða það, en meirihlutinn hefur í það minnsta ekki verið viljugur á að dreifa embættum mikið, ekki einu sinni öðrum varaforseta.
Tólf ár er langur tími og engum er hollt að sitja of lengi. Að sitja í bæjarstjórn er krefjandi og tímafrekt, ekki endilega bæjarstjórnarfundirnir, heldur einnig allir aðrir fundir og mannfagnaðir sem þarf nauðsynlega að sinna sem bæjarfulltrúi. Að ógleymdum tímanum sem fer í að kynna sér hin ýmsu mál og samskiptin við bæjarbúa, sem reyndar alltaf hafa verið gefandi og ánægjuleg. Við þetta bætast svo hinir ýmsu fundir og samstarfsverkefni sem við eigum við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.
Ég hef setið þrjú kjörtímabil, hvert þeirra hefur haft sín einkenni, fyrsta kjörtímabilið voru sjö bæjarfulltrúar og tveir flokkar. Annað kjörtímabilið voru sjö bæjarfulltrúar og þrír flokkar. Núverandi bæjarstjórn er hins vegar skipuð ellefu bæjarfulltrúum og fjórum flokkum. Á þessum þremur kjörtímabilum hef ég starfað með sautján bæjarfulltrúum og töluverðum fjölda varabæjafulltrúa. Þegar ég segi mismunandi einkenni, þá var auðvitað töluverð breyting að fjölga í ellefu bæjarfulltrúa og svo er auðvitað hver bæjarfulltrúi með sinn stíl sem setur svip sinn á starfið.
Mikilvægt er að bæjarstjórn endurspegli raddir bæjarbúa, málefni og verkefni séu rædd og vel ígrunduð, hlustað sé á bæjarbúa og þannig komist að faglegri niðurstöðu. Til að þetta gangi upp þarf bæjarstjórn að endurspegla allt samfélagið en ekki vera einsleit rödd. Aðhald er gott og nauðsynlegt og góð skoðanaskipti leiða yfirleitt til farsælli lausna.
Virðing og formfesta bæjarstjórnar finnst mér persónulega vera mikilvæg. Menn eiga að geta tekist á sem bæjarfulltrúar og haft skiptar skoðanir en glaðst saman sem einstaklingar. Því er mikilvægt að formfesta sé í hávegum höfð, því miður þá finnst mér henni hafa dalað á þessu kjörtímabili og kenni ég um að ekki skuli vera sérstakur bæjarstjórnarsalur til notkunar. Löngu fyrir síðustu kosningar var búið að ákveða að fjölga bæjarfulltrúum og því er með ólíkindum að ekki hafi eftir öll þessi ár verið búið að koma upp viðunandi aðstöðu.
Bæjarstjórnarstarfið hefur verið mér gefandi og lærdómsríkt, ég hef unnið með frábæru fólki og átt gott samstarf við starfsfólk bæjarins. Hjá starfsfólkinu hef ég alltaf fengið alla þá aðstoð sem ég hef þurft á

að halda. Samstarfsfélagarnir í bæjarstjórn hafa nær alltaf tekið mínum hugmyndum og tillögum vel og ég tel mig geta verið stoltan af því sem ég hef áorkað og lagt til málanna og verkefnanna hverju sinni. Enda hef ég alltaf haft það að leiðarljósi í allri vinnu, gagnrýni og tillögugerð að ég væri að gera vel fyrir samfélagið og íbúa þess.
Megi samfélaginu í Garðabæ farnast vel, takk fyrir mig.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri kvaddi sér hljóðs og þakkaði bæjarfulltrúum gott samsatarf á kjörtímabilinu. Bæjarstjóri beindi orðum sínum sérstaklega til Steinþórs Einarssonar og Guðrúnar Elínar Herbertsdóttur sem nú láta af stöfum sem bæjarfulltrúar.

Jóna Sæmundsdóttir, kvaddi sér hljóðs og beindi orðum sínum til Sturlu Þorsteinssonar sem nú víkur úr bæjarstjórn, Forseti þakkaði Sturlu fyrir samstarfið í bæjarstjórn hlut hans um áraraðir við að efla og bæta samfélagið í Garðabæ.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 17. maí 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
María Grétarsdóttir, (sign)
Sigurður Guðmundsson, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Guðrún Elín Herbertsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Steinþór Einarsson, (sign)
Halldór Jörgen Jörgensson, (sign)
Sturla D Þorsteinsson, (sign)

**Yfirkjörstjórn Garðabæjar.**
**26.05.2018**

Laugardaginn 26.maí 2018 var kjörfundur settur klukkan 9:00 til að láta fara fram kosningu á 11 mönnum í bæjarstjórn Garðabæjar.

Kjörstaðir eru í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ og Álftanesskóla.

Yfirkjörstjórn er með aðsetur í FG og hana skipa eftirfarandi einstaklingar:

Þóra Margrét Hjaltested
Jóhann Steinar Ingimundarson
Bjarni Jón Jónsson
Hrafnhildur Helgadóttir
Vigdís Häsler Sveinsdóttir
Hlíf Böðvarsdóttir
Sigríður Finnbjörnsdóttir
Bergþóra Sigmundsdóttir

Um skipan Vigdísar vísast til 17 gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitastjórna. Um skipan undirkjörna vísast til gerðabóka kjördeilda (1-X).

Í Álftanesskóla starfar hverfiskjörstjórn og hana skipa eftirfarandi einstaklingar:

Sigþrúður Ármann
Lúðvík Hjalti Jónsson
Andrés Sigurðsson

Um lista þá og frambjóðendur sem í kjöri eru vísast til fundargerðar kjörstjórnar þann 6. maí 2018. Það sama á við um umboðsmenn listanna.

Áður en kosning hófst voru mættir í FG eftirtaldir umboðsmenn framboðanna.

Fyrir B-lista mætti enginn
Fyrir D-lista mætti Lúðvík Örn Steinarsson og Bjarndís Lárusdóttir
Fyrir G-lista mætti Ingvar Arnarson
Fyrir M-lista mætti Sigurbjörn M. Gunnlaugsson og Sigurjón Oddsson

Um upphaf kosninga í Álftanesskóla vísast til gerðabókar hverfiskjörstjórnar.

Utankjörfundaratkvæði bárust frá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og var fjöldi þeirra 961. Samtals 959 voru flokkuð á kjördeildir, 2 atkvæði voru ógild. Þá bárust 5 kjörseðilumslög án fylgiskjals og án ytra umslags.

Utankjörfundaratkvæði í kjördeildum á Álftanesi voru sett í kjörkassa og hann læstur og innsiglaður. Alls 161 atkvæði.
Utankjörfundaratkvæði í kjördeildum í FG voru sett í kjörkassa og hann læstur og innsiglaður. Alls 798.

Formaður kjörstjórnar lagði fram kjörgögn. Fjöldi prentaðra kjörseðla eru 12.000.

Kjörklefar eru 32 í 8 kjördeildum í FG og 8 kjörklefar í 2 kjördeildum í Álftanesskóla. Þeir hafa verið athugaðir og lýstir löglega útbúnir.

Kosning hófst í kjördeildum kl. 9:00 og áður hafði kjörstjórn og umboðsmenn framboða gætt þess að kjörkassar væru tómir og voru þeir síðan læstir og innsiglaðir.

Lögð var fram fundargerð bæjarráðs frá 25. maí 2018 þar sem samþykktar eru breytingar á kjörskrá. Breytingar voru innfærðar í afrit kjörskrár sem notaðar eru í kjördeildum.

Umboðsmenn Sjálfstæðisflokksins lögðu fram umboð til Magnúsar Guðlaugssonar kt. 030858-3879 og Maríu Guðjónsdóttur kt. 020486-3689 til að koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart yfirkjörstjórn Garðabæjar við framkvæmd kosninganna.

Umboðsmenn Framskóknarflokksins lögðu fram umboð til Þorkels Einarssonar kt. 060691-2159 til að koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart yfirkjörstjórn Garðabæjar.

Skipt var um kjörkassa klukkan 18:30 í Álftanesskóla og þá höfðu kosið þar á kjörstað 986 kjósendur.

Skipt var um kjörkassa klukka 19:30 í FG og þá höfðu kosið þar á kjörstað 4.980 kjósendur.

Hverfisstjórn Álftaness annaðist um að skipt væri um kassa á Álftanesi. Fulltrúar yfirkjörstjórnar (ÞMH,BJJ,VHS) voru viðstaddir og móttóku kassana. Ingvar Arnarson umboðsmaður G-lista og María Guðjónsdóttir umboðsmaður D-lista voru viðstödd þegar skipt var um kassa. Yfirkjörstjórn annaðist um að skipta um kassa í FG og voru eftirtaldir umboðsmenn viðstaddir:
Þorkell Einarsson B-listi
María Guðjóndóttir D-listi
Guðlaugur Kristmundsson G-listi
Sigurjón Oddsson M-listi

Þá hófst flokkun atkvæða í Urðarbrunni, sal FG, sem var þá lokaður og innsiglaður. Öryggisvörður frá Securitas var innandyra og sinnti eftirliti og gæslu.

Í talningu fóru eftirtaldir kjörstjórnarmenn og starfsmenn kjörstjórnar:

Jóhann Steinar Ingimundarson og Bjarni Jón Jónsson fulltrúar í yfirskjörstjórn.

Starfsmenn kjörstjórnar voru:
Þorbjörg Kolbeinsdóttir, Elena Einisdóttir, Björgvin Brynjarsson, Anna Lilja Ægisdóttir, Margrét S. Guðjónsdóttir, Arna Diljá Guðmundsdóttir, Arnar Þór Ingason, Ásdís Sigríður Ásgeirsdóttir, Eydís Lilja Eysteinsdóttir, Guðmundur Alfreðsson, Erla Hrönn Randversdóttir, Ásdís S. Ásgeirsdóttir, Hekla Rakel Þorgilsdóttir, Pétur Rögnvaldsson.

Umboðsmenn lista:
Þorkell Einarsson B-listi
Magnús Guðlaugsson D-listi
Guðlaugur Kristmundsson G-listi
Sigurjón Oddsson M-listi

Haldin var skrá yfir afhenta seðla í kjördeildir sem færð var í tölvu. Haldin var skrá yfir utankjörfundaratkvæði sem færð var í tölvu.

Utankjörfundaratkvæði samtals 964, þar af voru 2 ógild. Gild utankjörfundaratkvæði voru 962. Alls greiddu atkvæði á kjörstað 6.804. Samtals greidd atkvæði í kjördeildum 7.768. Þar af 3.779 karlar og 3.989 konur. Kjörsókn er því 67,0% en á kjörskrá voru 11.594.

Kjörfundi lauk kl. 22:00 og talningu lauk kl. 02:15.
Úrslit voru birt kl. 02:15.

Úrslit voru sem hér segir:

B-listinn hlaut 233 atkvæði
D-listinn hlaut 4.700 atkvæði
G-listinn hlaut 2.132 atkvæði
M-listinn hlaut 515 atkvæði
Auðir seðlar voru 164
Ógildir seðlar voru 24
Alls 7.768

Rétt kjörnir fulltrúar í bæjarstjórn Garðabæjar til næstu 4 ára eru:

Af D-lista:
Áslaug Hulda Jónsdóttir
Sigríður Hulda Jónsdóttir
Sigurður Guðmundsson
Gunnar Valur Gíslason
Jóna Sæmundsdóttir
Almar Guðmundsson
Björg Fenger
Gunnar Einarsson

Af G-lista:
Sara Dögg Svanhildardóttir
Ingvar Arnarson
Harpa Þorsteinsdóttir

Atkvæðaseðlar voru settir í kjörkassa og verða þeir ásamt öðrum kjörgögnum fluttir í herbergi á bæjarskrifstofu Garðabæjar sem er læst og innsiglað. Fleira ekki gert og kjörfundi slitið.

Í yfirkjörstjórn Garðabæjar.

Þóra M. Hjaltested, (sign)
Jóhann Steinar Ingimundarson, (sign)
Bjarni Jón Jónsson, (sign)
Vigdís Häsler, (sign)
Hlíf Böðvarsdóttir(sign)
Hrafnhildur Helgadóttir, (sign)
Sigríður Finnbjörnsdóttir, (sign)
Bergþóra Sigmundsdóttir, (sign)

**KJÖRSTJÓRN GARÐABÆJAR**

**Sveitarstjórnarkosningar 2018**

**UPPGJÖR FYRIR ATKVÆÐAGREIÐSLU Í KJÖRDEILDUM**

| **Kjördeildir** | **1** | **2** | **3** | **4** | **5** | **6** | **7** | **8** | **1-Á** | **2-Á** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mótteknir atkv.seðlar | 800 | 900 | 800 | 800 | 800 | 800 | 800 | 800 | 700 | 700 | **7.900** |
| Skilað | 113 | 139 | 107 | 124 | 169 | 70 | 104 | 86 | 77 | 107 | **1.096** |
| **Alls greidd atkvæði á kjörstað** | **687** | **761** | **693** | **676** | **631** | **730** | **696** | **714** | **623** | **593** | ***6.804*** |
| Karlar | 332 | 380 | 338 | 333 | 298 | 350 | 336 | 345 | 303 | 307 | **3.322** |
| Konur | 355 | 381 | 355 | 343 | 333 | 380 | 360 | 369 | 320 | 286 | **3.482** |
| **Utankjörfundaratkvæði** | **82** | **74** | **96** | **96** | **108** | **100** | **110** | **138** | **71** | **89** | ***964*** |
| Karlar | 37 | 37 | 43 | 46 | 45 | 48 | 52 | 67 | 35 | 47 | **457** |
| Konur | 45 | 37 | 53 | 50 | 63 | 52 | 58 | 71 | 36 | 42 | **507** |
| **Alls greidd atkvæði í kjördeild** | **769** | **835** | **789** | **772** | **739** | **830** | **806** | **852** | **694** | **682** | ***7.768*** |
| Karlar | 369 | 417 | 381 | 379 | 343 | 398 | 388 | 412 | 338 | 354 | **3.779** |
| Konur | 400 | 418 | 408 | 393 | 396 | 432 | 418 | 440 | 356 | 328 | **3.989** |
| Ógildir utankjörfundarseðlar | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | **2** |
| Ógildir kjörseðlar | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Ónotaðir seðlar | 113 | 139 | 107 | 124 | 169 | 70 | 104 | 86 | 77 | 107 | 1.096 |

| | |
|---|---|
| Á kjörskrá | 11.594 |
| Kjörsókn | 67,000% |

| | |
|---|---|
| Seðlar frá yfirkjörstjórn | 12.000 |
| Atkv. gr á kjörstað | 6.804 |
| Seðlum skilað til Yfirkjörst | 5.196 |
| Umframtaldir seðlar | |
| Samtals skilað | 5.196 |
| Þar af skilað úr kjördeildum | 1.096 |
| Þar af taldir | |
| Þar af ótaldir og innsiglaðir seðlar | |
| Samtals ógildir utankjörfundarseðlar | 2 |

BST/21/06/2018

Til bæjarstjórnar

**Efni: Tillaga um ráðningu bæjarstjórar**

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að ráða Gunnar Einarsson í starf bæjarstjóra Garðabæjar kjörtímabilið 2018 - 2022.

Formanni bæjarráðs er falið að ganga frá skriflegum ráðningarsamningi við bæjarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin, sbr. 2. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga.

Samningurinn skal lagður fyrir bæjarráð til staðfestingar.

Bæjarskrifstofur Garðabæjar
Mótt.dags. 08.06.2018
Málalykill 0092
Mál nr. 1806112

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Garðabær
Garðatorgi 7
210 - GARÐABÆ

Reykjavík 4. júní 2018

1602044SA VRH/-
Málalykill: 002

**Efni: Kosning fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 2018–2022**

Samkvæmt 5. gr. samþykkta Sambands íslenskra sveitarfélaga kjósa sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna fulltrúa á landsþing sambandsins að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum og gildir sú kosning fyrir kjörtímabil sveitarstjórnar. Um fjölda aðalfulltrúa á landsþingi gildir eftirfarandi:

a. Sveitarfélag með allt að 1.000 íbúa kýs 1 fulltrúa.
b. Sveitarfélag með 1.001 til 3.000 íbúa kýs 2 fulltrúa.
c. Sveitarfélag með 3.001 til 5.000 íbúa kýs 3 fulltrúa.
d. Sveitarfélag með 5.001 til 10.000 íbúa kýs 4 fulltrúa
e. Sveitarfélag með fleiri en 10.000 íbúa kýs einn fulltrúa fyrir hvert byrjað tugþúsund íbúa umfram 10.000 til viðbótar hinum fjórum.

Íbúafjöld viðkomandi sveitarfélags skal miðaður við 1. janúar á því ári sem almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram, skv. skráningu Hagstofu Íslands.

Samkvæmt skráningu Hagstofu Íslands 1. janúar 2018 voru íbúar í Garðabæ 15.709 að tölu. Bæjarstjórn Garðabæjar kýs því 5 fulltrúa á landsþing sambandsins og jafnmarga til vara. Kjörgengir eru nýkjörnir aðalmenn í sveitarstjórn og varamenn þeirra jafnmargir að tölu.

Áríðandi er að kjörbréf með nöfnum aðalfulltrúa og varafulltrúa, ásamt upplýsingum um stöðuheiti innan sveitarstjórnar og netföngum, verði sent skrifstofu sambandsins sem fyrst að kosningu lokinni, í síðasta lagi 1. ágúst 2018.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valur Rafn Halldórsson

Valur Rafn Halldórsson
sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs

Meðfylgjandi: Samþykktir Sambands íslenskra sveitarfélaga
Fyrirmynd að kjörbréfi

Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík, sími 515 4900, fax 515 4903, samband@samband.is, www.samband.is

**Bæjarráð Garðabæjar**
**18. (1833). fundur 2018**

Þriðjudaginn 22. maí 2018 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Sigurður Guðmundsson, aðalmaður, María Grétarsdóttir, aðalmaður, Guðrún Elín Herbertsdóttir, varamaður, Steinþór Einarsson, áheyrnarfulltrúi, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Katrín Friðriksdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsinga- og menningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1706179 - Smáraflöt 30 - Umsókn um byggingarleyfi**
   Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Hrönn Róbertsdóttur, kt. 260373-4639 leyfi fyrir stækkun viðbyggingar við núverandi hús að Smáraflöt 30.

2. **1801109 - Túnfit 2 - Umsókn um byggingarleyfi**
   Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Bryndísi Alfreðsdóttur, kt. 300578-4389 leyfi til reisa steyptan skjólvegg á lóðinni að Túnfit 2.

3. **1802197 - Sjónarvegur 10 - Umsókn um byggingarleyfi**
   Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Guðjóni Pétri Lýðssyni, kt. 281287-2309 leyfi til að byggja raðhús að Sjónarvegi 10.

4. **1802199 - Sjónarvegur 12 - Umsókn um byggingarleyfi**
   Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Steinþóri Frey Þorsteinssyni, kt. 290785-2359 leyfi til að byggja raðhús að Sjónarvegi 12.

5. **1802198 - Sjónarvegur 14 - Umsókn um byggingarleyfi**
   Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Kára Ársælssyni, kt. 020785-2179 leyfi til að byggja raðhús að Sjónarvegi 14.

6. **1805146 - Bréf Landskerfa bókasafna um aðalfund 2018, dags. 09.05.18.**
   Lagt fram.

7. **1805167 - Bréf Reykjavíkurborgar varðandi verkefnalýsingu vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, KR-svæði, dags. 09.05.18.**
   Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

8. **1805169 - Bréf Reykjavíkurborgar varðandi verkefnalýsingu vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, Sjómannaskólareitur og Veðurstofuhæð, dags. 09.05.18.**
   Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

9. **1805174 - Bréf Tónlistarskóla Garðabæjar varðandi sumarlaun nemenda tónlistarskólans 2018, dags. 15.05.18.**
Bæjarráð samþykkir tillögu skólastjóra Tónlistarskóla Garðabæjar að eftirfarandi nemendur fái sumarlaun árið 2018. Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, kt. 080297-2119 og Björg Axelsdóttir, kt. 230799-2459

10. **1805213 - Beiðni um ferðastyrk vegna þátttöku í Bocciakeppni á landsmóti UMFÍ 50 .**
Bæjarráð vísar beiðninni til afgreiðslu og íþrótta- og tómstundaráðs.

11. **1802012 - Opnun tilboða í framkvæmdir við endurnýjun á götum og veitum í Smáraflöt og Lindarflöt.**
Eftirfarandi tilboð lögð fram.

| | |
|---|---|
| Grafa og grjót ehf. | kr. 555.830.500 |
| Háfell ehf. | kr. 418.107.400 |
| | |
| Kostnaðaráætlun | kr. 395.000.000 |

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði Háfells ehf. með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og felur bæjarverkfræðingi afgreiðslu málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings.

12. **1707063 - Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu útivistarstígs meðfram Urriðavatni, dags. 18.05.18.**
Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að veita leyfi til framkvæmda fyrir gerð brúar á útivistarstíg meðfram Urriðavatni.

13. **1805217 - Bréf Ægis Arnar Kristjánssonar varðandi sumarlaun vegna undirbúnings fyrir ólympíukeppni í efnafræði, dags. 17.05.18.**
Bæjarráð samþykkir að verða við erindi bréfritara um greiðslu sumarlauna 2018 vegna undirbúnings fyrir þátttöku í olympíukeppni í efnafræði.

14. **1805218 - Fyrirspurn um biðlista varðandi þjónustu fyrir fatlað fólk, dags. 07.05.18.**
Lagt fram svar við fyrirspurn.

15. **1710169 - Niðurstöður dómnefndar um tillögur í alútboði vegna byggingar fjölnota íþróttahúss.**
Lagðar fram niðurstöður matsnefndar á tilboðum í byggingu fjölnota íþróttahús sem voru opnuð 19. maí sl.

| Tillaga | Nafn bjóðanda | Einkunn | Tilboðsverð | Reiknað verð |
|---|---|---|---|---|
| Tillaga 10155 | Eykt ehf. | 1,030 | 5.497.349.500 | 5.337.232.524 |
| Tillaga 2_10155 | Eykt ehf. | 1,030 | 5.217.349.500 | 5.065.387.864 |
| Tillaga 21000S | Ístak hf. | 1,049 | 5.629.845.405 | 5.366.868.832 |
| Tillaga 75853A | Íslenskir aðalv. hf. | 1,050 | 4.249.561.579 | 4.047.201.504 |
| Tillaga 99899X | Munck Íslandi | 1,092 | 4.582.424.370 | 4.196.359.313 |

Bæjarráð felur matsnefnd að yfirfara verðtilboð með tilliti til ákvæða útboðsgagna og skila endanlegu álit og umsögn að þeirri yfirferð lokinni.

16. **1805053 - Bréf Fólksins í bænum varðandi kynningu á rekstrarúttektum byggðasamlaganna, dags. 18.05.18.**
Lagt fram.

17. **1805222 - Bréf JÁS lögmanna varðandi leyfi um uppbyggingu á lóðinni við Hrauntungu, dags. 11.05.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til skipulagsnefndar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 22. maí 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigurður Guðmundsson, (sign)
Guðrún Elín Herbertsdóttir, (sign)
María Grétarsdóttir, (sign)
Steinþór Einarsson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**
**19. (1834). fundur 2018**

Föstudaginn 25. maí 2018 kl. 11:45 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigurður Guðmundsson, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, varamaður, María Grétarsdóttir, aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson, varamaður, Steinþór Einarsson, áheyrnarfulltrúi og Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1801001 - Leiðrétting á kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga 26. maí 2018.**
   Bæjarráð samþykkir að gera eftirfarandi leiðréttingar á kjörskrá samkvæmt heimild í 10. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998.

   Elsa Björk Knútsdóttir, kt. 120558-4399, er skráð á kjörskrá í kördeild VIII í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ, sbr. bréf Þjóðskrár Íslands um skráningu lögheimilis, dags. 15. maí 2018.

   Egill Friðriksson, kt. 021096-2379, er skráður á kjörskrá í kjördeild I í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ, sbr. tilkynningu frá Þjóðskrá Íslands, dags. 24. maí 2018.

   Bæjarráð samþykkir að gera leiðréttingar á kjörskrá samkvæmt tilkynningu Þjóðskrár Íslands um andlát fimm einstaklinga eftir viðmiðunardag kjörskrár sem var 5. maí 2018, sbr. 5. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998. Þá liggur fyrir vitneskja um andlát eins einstaklings og er kjörskrá leiðrétt með tillit til þess, sbr. ofangreint lagaákvæði.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 25. maí 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigurður Guðmundsson, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
María Grétarsdóttir, (sign)
Baldur Ólafur Svavarsson, (sign)
Steinþór Einarsson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**
**20. (1835). fundur 2018**

Þriðjudaginn 29. maí 2018 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Sigurður Guðmundsson, aðalmaður, María Grétarsdóttir, aðalmaður, Guðrún Elín Herbertsdóttir, varamaður, Steinþór Einarsson, áheyrnarfulltrúi, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Katrín Friðriksdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsinga- og menningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1804242 - Bréf Árna Tómasar Sveinbjörnssonar varðandi sumarlaun vegna undirbúnings fyrir ólympíukeppni í efnafræði, dags. 20.04.18.**
   Bæjarráð samþykkir að verða við erindi bréfritara um greiðslu sumarlauna 2018 vegna undirbúnings fyrir þátttöku í olympíukeppni í efnafræði.

2. **1805279 - Bréf Löggarðs varðandi eldvarnir í fasteigninni að Miðhrauni 4, dags. 15.05.18.**
   Bæjarráð felur tækni- og umhverfissviði að útvega umbeðnar upplýsingar og gögn.

3. **1805288 - Bréf Hilde Berit Hundstuen varðandi skráningu fasteignar, dags. 22.05.18.**
   Bæjarráð getur ekki séð ástæðu til að breyta húsnúmerum fasteignarinnar enda alvanalegt að einstaka eignir með sama landnúmer en sérstök fasteignanúmer sé tilgreindar undir sama húsnúmeri.

   Bæjarstjóra falið að svara erindinu.

4. **1601493 - Bréf Hilde Berit Hundstuen varðandi hraðahindrun í Hraunhólum, dags. 31.08.16.**
   Bæjarráð vísar til þess að almennt eru ekki settar hraðahindranir í lokaðar húsagötur nema við mjög sérstakar aðstæður sem ekki geta talist vera fyrir hendi við Hraunhóla.

   Bæjarstjóra falið að svara bréfinu.

5. **1710153 - Bréf afmælisnefndar vegna fullveldis Íslands um þátttöku sveitarstjórna í verkefninu, dags. í maí 2018.**
   Bæjarráð tekur undir tilmæli að minnast fullveldis Íslands í tengslum við viðburði á vegum bæjarfélagsins á árinu 2018.

   Bæjarráð vísar bréfinu til kynningar í skólanefnd, leikskólanefnd, ungmennaráði, menningar- og safnanefnd og íþrótta- og tómstundaráði.

6. **1805262 - Ársreikningur 19. júní sjóðs 2017.**
   Lagður fram.

7. **1804073 - Tillaga um að ráðstafa hluta arðgreiðslu frá Lánasjóði sveitarfélaga til forvarnamála.**
Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs gerði grein fyrir minnisblaði varðandi tillögur um ráðstöfun hluta af arðgreiðslu frá Lánasjóði sveitarfélaga til forvarnamála.

Bæjarráð felur fræðslu- og menningarsviði að vinna að nánari útfærslu og framkvæmd tillagna.

8. **1802032 - Útsending frá HM á risaskjá á Garðatorgi.**
Upplýsingastjóri gerði grein fyrir undirbúningi vegna útsendingar frá HM á risaskjá á Garðatorgi.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 29. maí 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigurður Guðmundsson, (sign)
Guðrún Elín Herbertsdóttir, (sign)
María Grétarsdóttir, (sign)
Steinþór Einarsson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**
**21. (1836). fundur 2018**

Þriðjudaginn 5. júní 2018 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Sigurður Guðmundsson, aðalmaður, Guðrún Elín Herbertsdóttir, varamaður, María Grétarsdóttir, aðalmaður, Steinþór Einarsson, áheyrnarfulltrúi, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Katrín Friðriksdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1707051 - Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun 2018.**
   Á fund bæjarráðs mætti Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri og gerði grein fyrir tillögu um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 400.000.000, verðtryggt með 2,60% föstum vöxtum.

   Bæjarráð vísar afgreiðslu málsins til bæjarstjórnar.

2. **1802019 - Brúnás 10 - Umsókn um byggingarleyfi**
   Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Yrsu Elenoru Gylfadóttur, kt. 201268-4949, leyfi til að byggja einbýlishús að Brúnási 10.

3. **1707195 - Keldugata 3 - Umsókn um byggingarleyfi**
   Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vigni Frey Andersen, kt. 230371-5719, leyfi til að byggja einbýlishús að Keldugötu 3.

4. **1804106 - Melás 9 - Umsókn um byggingarleyfi**
   Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Fasteignafélaginu Hosiló ehf., kt. 531210-1900 leyfi til að breyta einbýlishúsi í tvíbýlishús að Melási 9.

5. **1805337 - Urriðaholtsstræti 14-20 - Umsókn um byggingarleyfi**
   Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa varðandi leiðréttingu á áður útgefnu byggingarleyfi til U 14-20 ehf., kt. 680717-1090, vegna byggingar á fjölbýlishúsi með 38 íbúðum að Urriðaholtsstræti 14-20.

6. **1710299 - Bréf Umhverfisstofnunar varðandi beiðni um framkvæmdaleyfi fyrir reiðvegi um Grunnuvatnaskarð og Grunnuvötn, dags. 25.05.18.**
   Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar þar sem fram kemur að stofnunin veiti fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagningu reiðstígs innan friðlands Vífilsstaðvatns

   Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um útgáfu á framkvæmdaleyfi fyrir reiðveg frá Kjóavöllum um Grunnuvatnaskarð að Vatnsásvegi sem er í samræmi við deiliskipulag Heiðmerkur og Sandahlíðar.

   María Grétarsdóttir, situr hjá við afgreiðslu málsins.

7. **1801358 - Bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis varðandi eftirlit og skoðun á samstarfssamningum sveitarfélaga, ítrekuð beiðni, dags. 23.05.18.**
Bæjarráð felur bæjarstjóra að hlutast til um að svara erindinu.

8. **1703404 - Bréf styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa varðandi ósk um samstarf um uppbyggingu fólkvangs í Urriðavatnsdölum, dags. 28.05.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar skipulagsnefndar og umhverfisnefndar.

9. **1805371 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, 622. mál., dags. 30.05.18.**
Lagt fram.

10. **1805398 - Bréf Leikskólans Akra varðandi verkefnið "Horft til framtíðar" og umsókn um stöðuaukningu, dags. 31.05.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar leikskólanefndar og til afgreiðslu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.

11. **1806004 - Opnun tilboða í framkvæmdir við vatnsveitulagnir neðan Bakka- og Sunnuflatar og við Hafnarfjarðarveg.**
Eftirfarandi tilboð lögð fram.

| | |
|---|---|
| Háfell ehf. | kr. 33.411.800 |
| Auðverk ehf. | kr. 34.734.000 |
| Línuborun ehf. | kr. 37.899.535 |
| SS - verktak ehf. | kr. 48.850.000 |
| Stálborg ehf | kr. 70.811.000 |

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði Háfells ehf. með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og felur bæjarverkfræðingi afgreiðslu málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings.

12. **1806010 - Bréf fyrirtækja á "Hálsasvæði" í Reykjavík um bættar strætósamgöngur, dags. 01.06.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til stjórnar Strætó bs. og til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2019.

13. **1806012 - Bréf Jafnréttisstofu varðandi skyldur sveitarfélaga samkvæmt jafnréttislögum, dags. 29.05.18.**
Lagt fram.

14. **1806013 - Bréf Reykjavíkurborgar varðandi verkefnalýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, Sundahöfn, dags. 29.05.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar í skipulagsnefnd.

15. **1710169 - Niðurstöður matsnefndar um fjölnota íþróttahús.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu matsnefndar um að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda ÍAV á grundvelli tilboðs félagsins, ákvæða alútboðsgagna og niðurstöðu matnefndar um það sem betur má fara í tillögu bjóðanda.

Bæjarráð samþykkir jafnframt að láta fara fram mat á áhrifum fjárfestingarinnar á fjárhag bæjarins samkvæmt 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 5. júní 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigurður Guðmundsson, (sign)
Guðrún Elín Herbertsdóttir, (sign)
María Grétarsdóttir, (sign)
Steinþór Einarsson, (sign)

**Fjölskylduráð Garðabæjar**
**4. fundur 2018**

Föstudaginn 18. maí 2018 kl. 08:30 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sturla D Þorsteinsson formaður, Sigþrúður Ármann aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Ingvar Arnarson aðalmaður, Harpa Guðný Hafberg aðalmaður, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri og Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Bergljót Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1802114 - Barnaverndarmál**

   Tekið er fyrir mál nr. 1802114. Fjölskylduráð fjallar um málið. Nánari bókun er í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

2. **1802118 - Barnaverndarmál**

   Tekið er fyrir mál nr. 1802118. Fjölskylduráð fjallar um málið. Nánari bókun er í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Fjölskylduráð Garðabæjar**
**5. fundur 2018**

Fimmtudaginn 7. júní 2018 kl. 16:30 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sturla D Þorsteinsson formaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir varamaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Sigríður Finnbjörnsdóttir varamaður, Harpa Guðný Hafberg aðalmaður, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri og Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Bergljót Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1804003 - Umsókn um fjárhagsaðstoð**

   Tekið er fyrir mál nr. 1804003- umsókn um fjárhagsaðstoð. Fjölskylduráð fjallar um málið. Nánari bókun er í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

2. **1407224 - Umsókn um leyfi sem fósturforeldri**

   Tekið fyrir mál nr. 1407224. Fjölskylduráð fjallar um málið. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Íþrótta- og tómstundaráð Garðabæjar**
**40. fundur 2018**

Miðvikudaginn 16. maí 2018 kl. 19:00 kom íþrótta- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í Garðabæ.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Ásgrímur Gunnarsson aðalmaður, Tómas Björnsson aðalmaður, Sigríður Erla Jónsdóttir aðalmaður, Hilmar Daði Bjarnason aðalmaður, Kári Jónsson íþróttafulltrúi og Gunnar Richardson tómstundafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson íþróttafulltrúi.

Síðasti fundur kjörtímabilsins er haldinn á heimili formanns ÍTG.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1805183 - Orri Gunnarsson - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

   ÍTG samþykkti á fundi sínum að veita ferðastyrk að upphæð kr. 20.000,- kr. Móttakandi er Orri Gunnarsson Kennitala 2108032970 vegna U15 KKÍ á CPH-Invitational í Farum, Danmörk 14.-17. júní 2018.
   Styrkurinn verður greiddur að lokinni keppnisferð.

2. **1805182 - Dúi Þór Jónsson - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

   ÍTG samþykkti á fundi sínum að veita ferðastyrk að upphæð kr. 20.000,- kr. Móttakandi er Dúi Þór Jónsson kt. 1405013280 vegna U18 hjá KKÍ á NM í Helsinki, Finnlandi 26. júní 2018.
   Styrkurinn verður greiddur að lokinni keppnisferð.

3. **1805181 - Dúi Þór Jónsson - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

   ÍTG samþykkti á fundi sínum að veita ferðastyrk að upphæð kr. 20.000,- kr. Móttakandi er Dúi Þór Jónsson kt. 140501-3280 vegna U18 hjá KKÍ á EM í Makedónía 26. júlí 2018.
   Styrkurinn verður greiddur að lokinni keppnisferð.

4. **1803198 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

   ÍTG samþykkti á fundi sínum að veita ferðastyrk að upphæð kr. 20.000,- kr. Móttakandi er Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir kt. 190465-3819, vegna HM í utanvegahlaupum á Spáni 8.-14. maí 2018.

5. **1805080 - Júlíana Karitas Jóhannsdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

   ÍTG samþykkti á fundi sínum að veita ferðastyrk að upphæð kr. 20.000,- kr. Móttakandi er Júlíana Karitas Jóhannsdóttir kt. 200603-2650 vegna U15-U19 BSÍ á Danish Junior Open, Farum í Danmörku 18. maí 2018.
   Styrkurinn verður greiddur að lokinni keppnisferð.

6. **1805172 - Umsókn fyrir 19. júní**

   ÍTG samþykkir að veita styrk úr 19. júnísjóði Garðabæjar til GKG vegna átaksverkefnisins "Stelpugolf" þann 10. júní nk. að upphæð kr. 100.000,-

7. **1805135 - 19. júnísjóður 2018 - Freydís Halla Einarsdóttir**

   ÍTG samþykkir að veita styrk að upphæð kr. 250.000,- úr 19. júnísjóði Garðabæjar til Freydísar Höllu Einarsdóttur skíðakonu vegna afreksáætlunar hennar.

**Mannréttinda- og forvarnanefnd Garðabæjar**
**36. fundur 2018**

Miðvikudaginn 16. maí 2018 kl. 16:30 kom mannréttinda- og forvarnanefnd Garðabæjar saman til fundar í miðrými 3. hæð á bæjarskrifstofum Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigríður Björk Gunnarsdóttir formaður, Sófus Gústavsson aðalmaður, Kjartan Ólafsson varamaður, Sólveig Guðrún Geirsdóttir aðalmaður, Anna Guðrún Hugadóttir aðalmaður, Sunna Guðrún Sigurðardóttir þjónustustjóri og Gunnar Richardson tómstundafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sunna Guðrún Sigurðardóttir þjónustustjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1805134 - Skýrsla Rannsóknar og greiningar maí 2018**

   Farið í gegn um skýrsluna og hún rædd. Almennt ágætar niðurstöður í Garðabæ en nefndin sér ástæðu til þess að huga að vanlíðan stúlkna í 9. og 10. bekk. Einnig virðist samvera vera á undanhaldi, hvetja þarf til meiri samveru barna og foreldra.

2. **1804102 - Styrkbeiðni frá eineltisteymi Garðabæjar**

   Eineltisteymi Garðabæjar biður um styrk til að hanna og prenta veggspjald, beðið um 300.000 kr. Samþykkt að styrkja verkefnið upp að 300.000 kr.

3. **1805045 - Tillaga um að settar verði vinnureglur um íbúasamráð**

   Lagt fram til kynningar.

4. **1804073 - Tillaga um að ráðstafa hluta arðgreiðslu frá Lánasjóði sveitarfélaga til forvarnarmála**

   Nefndin fagnar tillögunni og mælir með verkfærakistunni frá KVAN fyrir starfsfólk í skólum og vináttuþjálfun hjá KVAN fyrir nemendur, verkefninu Klókir krakkar, Hjólakrafti og öðrum sjálfsstyrkingarnámskeiðum. Leita þarf eftir hópeflingu/úrlausn fyrir stúlkur í 9.-10. bekk.

5. **1805168 - Dale Carnegie námskeið fyrir unglinga í Garðabæ veturinn 2018-2019**

   Námskeiðin hafa gengið vel og ástæða talin til að halda þeim áfram. Samþykkt að halda áfram að bjóða upp á þetta námskeið fyrir nemendur í 8. - 10. bekk, forvarnafulltrúa falið að ganga frá samningum.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Nefnd um málefni eldri borgara í Garðabæ**
**2. fundur 2018**

Þriðjudaginn 8. maí 2018 kl. 11:00 kom nefnd um málefni eldri borgara í Garðabæ saman til fundar í Ísafold, Strikinu 3.

Fundinn sátu: Ástbjörn Egilsson formaður, Lilja Guðrún Hallgrímsdóttir aðalmaður, Björg Þórðardóttir varamaður, Sigríður Erla Jónsdóttir varamaður, Ólafur J Proppé aðalmaður og Ingibjörg Valgeirsdóttir forstöðumaður.

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Valgeirsdóttir framkvæmdastjóri öldrunar- og heimaþjónustu Garðabæjar
.

Stefanía Magnúsdóttir formaður Félags eldri borgara í Garðabæ var áheyrnarfulltrúi á fundinum.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1803145 - Upplýsingarit fyrir eldri borgara**

   Drög að upplýsingariti fyrir eldri borgara í Garðabæ

   Lokadrög að upplýsingariti fyrir eldri borgara lögð fram til kynningar og tekið við ábendingum nefndarmanna. Stefnt er að útgáfu á ritinu á næstu dögum. Samþykkt að vinna að þýðingu á ritinu yfir á ensku og sækja um fjárveitingu til þess fyrir næsta ár.

2. **1710101 - Stefna í málefnum eldri borgara - Aðgerðaráætlun**

   Tímaplan í aðgerðaráætlun í málefnum eldri borgara 2017 - 2018

   Framkvæmdastjóri öldrunar- og heimaþjónustu fór yfir tímaáætlun og stöðu á verkefnum í aðgerðaráætlun í málefnum eldri borgara 2017-2018. Verkefnum miðar vel og eiga að standast tímaáætlun 2018.

3. **1805108 - Fræðsla í öldrunar- og heimaþjónustu**

   Heimsendur matur fyrir eldri borgara, fræðslu- og kynningarfundur.
   Alzheimersamtökin, fræðslu- og kynningarfundur.

   Öldrunar- og heimaþjónusta Garðabæjar stóð fyrir fræðslu- og kynningarfundi á heimsendum mat fyrir eldri borgara í Jónshúsi 24. apríl 2018. Fundurinn, sem var vel sóttur, var haldinn í kjölfar kynninga i fjölmiðlum á niðurstöðum rannsókna þar sem fram komu vísbendingar um að hluti eldri borgarar í sjálfstæðri búsetu á Íslandi búi við vannæringu. Fundurinn er hluti af aðgerðaráætlun 2017-2018 um forvarnir og heilsueflingu, ráðgjöf og fræðslu.

   Alzheimer-samtökin munu kynna starfsemi sína og fjalla um nýjustu þekkingu í málefnum fólks með heilabilun á fræðslufundi á vegum öldrunar- og heimaþjónustunnar í Jónshúsi 17. maí 2018. Fundurinn er hluti af aðgerðaáætlun 2017-2018 um forvarnir og heilsueflingu, ráðgjöf og fræðslu og eru allir velkomnir.

4. **1805184 - Vorsýning í Jónshúsi 2018**

   Vorsýningar í félagsstarfi eldri borgara 2018

Vorsýningar í Jónshúsi og Litlakoti eru uppskeruhátíð í félagsstarfi eldri borgara í Garðabæ. Vorsýning í Jónshúsi fór fram dagana 3.-5. maí og tókst með ágætum. Sérstakar þakkir fengu þær Jóna Valgerður Höskuldsdóttir og Kristrún E. Kristófersdóttir fyrir framlag þeirra við að halda utan um opið hús fyrir eldri borgara í Smiðjunni, Kirkjuhvoli. Verkefnið er hluti af aðgerðaráætlun 2017-2018 um félagslega þátttöku og sjálfboðastarf. Vorýning Í Litlakoti, Álftanesi, fer fram 2. júní n.k.

Fundurinn var síðasti fundar nefndar í málefnum eldri borgara á kjörtímabilinu. Ástbjörn Egilsson formaður nefndarinnar þakkaði öllum fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf og óskaði viðstöddum velfarnaðar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar**
**44. fundur 2018**

Mánudaginn 14. maí 2018 kl. 17:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Garðabæ.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður, Kjartan Örn Sigurðsson aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Hildur Jakobína Gísladóttir aðalmaður, Hlíf Böðvarsdóttir aðalmaður, Katrín Friðriksdóttir forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Edda Björg Sigurðardóttir fulltrúi skólastjóra, Elísa Ösp Valgeirsdóttir fulltrúi kennara, Andrea Róbertsdóttir fulltrúi foreldra og Kristín Sigurðardóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Kristín Sigurðardóttir verkefnastjóri á skóladeild.

Fundurinn verður haldinn að heimili Jóhanns Steinars Ingimundarsonar, varaformanns skólanefndar, að Heiðarlundi 9 í Garðabæ.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1804084 - Ungt fólk og lýðræði 2018**

   Ályktun frá ungmennaráðstefnu UMFÍ lögð fram til kynningar. Skólanefnd fagnar því að ungemenni hafi vettvang til að ræða samfélagsleg málefni og koma skoðunum sínum á framfæri með þessum hætti.

2. **1805114 - Þróunarsjóður grunnskóla - yfirlit yfir úthlutun 2015-2018**

   Skólanefnd lýsir yfir ánægju með fjölda umsókna í þróunarsjóð á kjörtímabilinu og þau jákvæðu og hvetjandi áhrif sem þróunarsjóður hefur haft á starf einstakra skóla sem og samstarf skóla á milli. Skóladeild falið að senda könnun til kennara og fagaðila í öllum skólunum til að kanna þau áhrif sem þróunarsjóður hefur haft á skólastarf.

3. **1805117 - Störf skólanefndar 2014-2018, samantekt**

   Lagt fram til kynningar og rætt um helstu áherslur og störf störf nefndarinnar á liðnu kjörtímabili. Aðilar sammála um að starf nefndarinnar hafi verið metnaðarfullt, gott og farsælt.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar**
**23. fundur 2018**

Miðvikudaginn 16. maí 2018 kl. 17:00 kom skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Kristinn Guðlaugsson formaður, Þorgerður Anna Arnardóttir aðalmaður, Eiríkur Þorbjörnsson aðalmaður, Kristín Harðardóttir aðalmaður, Þóroddur Bjarnason aðalmaður og Laufey Ólafsdóttir skólastjóri.

Fundargerð ritaði: Laufey Ólafsdóttir skólastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1709172 - Skólastarf tónlistarskóla 2017 - 2018**

   Skólastjóri fór yfir þá tónleika sem farið hafa fram undanfarið, fram kom að síðustu tónleikar skólaársins verða á Álftanesi á morgun fimmtudag kl. 18:00 og 19:00.
   22. maí fara nemendur í heimsókn á Hrafnistu og halda þar árlega tónleika. Hljóðfærakynningar fara fram í grunnskólum Garðabæjar 22. og 23. maí nk. Þá verða haldnir 29 tónfundir áður en skólastarfi lýkur.
   Skólaslit tónlistarskólans verða þriðjudaginn 29. maí kl. 17:30 í Vídalínskirkju.

2. **1802204 - Greinargerð starfshóps um fjölnota menningar- og fræðamiðstöð í Garðabæ**

   Skólastjóri fór yfir þá tónleika sem farið hafa fram undanfarið, fram kom að síðustu tónleikar skólaársins verða á Álftanesi á morgun fimmtudag kl. 18:00 og 19:00.
   22. maí fara nemendur í heimsókn á Hrafnistu og halda þar árlega tónleika. Hljóðfærakynningar fara fram í grunnskólum Garðabæjar 22. og 23. maí nk. Þá verða haldnir 29 tónfundir áður en skólastarfi lýkur.
   Skólaslit tónlistarskólans verða þriðjudaginn 29. maí kl. 17:30 í Vídalínskirkju.

3. **1805155 - Nýir kjarasamningar Sambands ísl. sveitarfélaga og félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum**

   Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) og Samband íslenskra sveitarfélaga skrifuðu undir samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi FT 9. maí síðastliðinn. Skólanefnd TG fagnar því að aðilar hafa náð samkomulagi og vonast til að hann verði samþykktur í atkvæðagreiðslu í lok maí.

4. **1805154 - Skólastarf tónlistarskóla 2018-2019**

   Fram kom hjá skólastjóra að svipaður fjöldi nemenda verður við skólann á komandi skólaári. Tónlistarskólinn verður settur föstudaginn 24. ágúst. Skólastarfi verður með svipuðu sniði og undarnfarin ár þó má nefna að strengjasveitir skólans taka þátt í strengjasveitamóti í Reykjanesbæ á haustdögum og B blásarasveit skólans stefnir á ferð til Spánar vorið 2019.

Fleira ekki gert.

**Stjórn Hönnunarsafns Íslands**
**4. fundur 2018**

Miðvikudaginn 6. desember 2017 kl. 12:00 kom stjórn Hönnunarsafns Íslands saman til fundar Hönnunarsafn Íslands.

Fundinn sátu: Erling Ásgeirsson formaður, Kristín B Björgvinsdóttir aðalmaður, Guðbjörg Magnúsdóttir aðalmaður, , Sigríður Sigurjónsdóttir Forstöðumaður og Margrét Björk Svavarsdóttir forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Erling Ásgeirsson formaður.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1710001HO - Fjárhagsáætlun 2018**
   Stjórn samþykkir framlagða fjárhagsáætlun.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Stjórn Hönnunarsafns Íslands**
**1. fundur 2018**

Miðvikudaginn 18. apríl 2018 kl. 14:00 kom stjórn Hönnunarsafns Íslands saman til fundar Hönnunarsafn Íslands.

Fundinn sátu: Erling Ásgeirsson formaður, Kristín B Björgvinsdóttir aðalmaður, Guðbjörg Magnúsdóttir aðalmaður, Sigríður Sigurjónsdóttir Forstöðumaður og Katrín Friðriksdóttir.

Fundargerð ritaði: Erling Ásgeirsson formaður.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1804002HO - Rekstrarniðurstaða 2017**

   Rekstrarniðurstaða hönnunarsafnsins 2017 lögð fyrir, stofnunin er á áætlun. Stjórn fagnar góðri niðurstöðu. Jafnframt er lögð fram rekstrarniðurstaða vegna fyrsta ársfjórðungs 2018 sem einnig lofar góðu.

2. **1801005HO - Sérsýningar Kron by KronKron**

   Sýningin Undraveröld Kron by Kronkron sem opnaði 18. mars á HönnunarMars. Rætt um fyrirhugaðar kynningar og uppákomur í tengslum við sýninguna.

3. **1803001HO - Keramik sýning í Bláa lóninu - Sérsýningar**

   Keramiksýningin "Fertile Soil" á vegum Hönnunarsafnsins í samstarfi við Bláa Lónið Retreat skoðuð. Um er að ræða 46 verk flest frá sjöunda áratugnum og kennd við framleiðslufyrirtækin Glit og Funa.

4. **1702007HO - Stofnun Hollvinafélags**

   Skráðir vinafélagar fá boð á opnanir og alla viðburði en ekki hefur verið staðið fyrir neinum sérstökum viðburðum aðeins fyrir vinafélaga. Til stendur að fyrsti slíki viðburðurinn verði 8. maí nk. sem verður heimsókn í hönnunarfyrirtækið Gagarín, í framhaldinu hafa verið skipulagðir tveir viðburðir til viðbótar á árinu. Forstöðumaður fundar með formanni vinafélagsins varðandi skipulag og utanumhald.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Stjórn Hönnunarsafns Íslands**
**2. fundur 2018**

Föstudaginn 25. maí 2018 kl. 12:00 kom stjórn Hönnunarsafns Íslands saman til fundar Hönnunarsafn Íslands.

Fundinn sátu: Erling Ásgeirsson formaður, Kristín B Björgvinsdóttir aðalmaður, Guðbjörg Magnúsdóttir aðalmaður, Sigríður Sigurjónsdóttir Forstöðumaður og Katrín Friðriksdóttir settur forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Erling Ásgeirsson formaður.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1801002HO - Dagatal Hönnunarsafnsis 2018**
   Dagskrá safnsins í sumar lögð fyrir og kynnt.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

# STJÓRN SSH
# 458. fundur

Mánudaginn 4. júní 2018, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi

Fundinn sátu: Ásgerður Halldórsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Sigurður Björn Blöndal, Haraldur Sverrisson, og Guðný Ívarsdóttir.
Fjarverandi: Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson og Haraldur Líndal Haraldsson
Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. **Málefni SORPU bs. – samningaviðræður milli SORPU og SOS** /málsnr. 1711001
   Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri SORPU bs. og Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri.
   Farið var yfir stöðu í viðræðum fulltrúa SORPU bs. og Sorpstöðvar Suðurlands vegna mögulegs sameiginlegs urðunarstaðar á suðurlandi. Ennfremur var rætt um stöðu urðunar í Álfsnesi í ljósi þess að núverandi starfsleyfi rennur út á þessu ári.

2. **Sameiginleg vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu.** /málsnr. 1505001
   Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri kynnti samkomulag vatnveitna á höfuðborgarsvæðinu um viðhald og rekstur rennslislíkans vegna vatnsverndar og vatnsnýtingar.

3. **Yfirferð vegna skipunar í stjórnir byggðasamlaganna að afloknum sveitarstjórnarkosningum 2018**
   Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit yfir skiptingu formennsku og varaformennsku í byggðasamlögunum á liðnu kjörtímabili.

   Umræður

   **Niðurtaða:**
   Framkvæmdastjóra falið að taka saman yfirlit yfir skipan formennsku og varaformennsku frá árinu 2010 til dagsins í dag.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:30

## SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2018, miðvikudaginn 9. maí var haldinn 367. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Pósthússtræti 11 og hófst kl. 18:30.
Mættir: Eva Einarsdóttir formaður, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Björg Fenger Garðabæ, Anný Berglind Thorstensen Kópavogi og Pétur Óskarsson Hafnarfirði. Forföll boðaði Theódór Kristjánsson.
Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Einar Bjarnason rekstrarstjóri, Andrés B. Andreasen fjármálastjóri, Ómar Einarsson sviðsstjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

**Þetta gerðist:**

1. Lagt fram samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 7. maí 2018.

2. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 8. maí sl. varðandi stöðu snjóframleiðslu í Bláfjöllum.

3. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. í dag varðandi stöðuna í fjöllunum.

Fundi slitið kl. 19:30.

Eva Einarsdóttir

Björg Fenger
Magnús Örn Guðmundsson

Anný Berglind Thorstensen
Pétur Óskarsson

SORPA
ÁRANGUR Í ÚRGANGSMÁLUM

# FUNDARGERÐ STJÓRNAR

391. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) á skrifstofu byggðasamlagsins miðvikudaginn 23.05.2018, kl.07:30.

Fundarstjóri: Halldór Auðar Svansson stjórnarformaður

Mættir:

Halldór Auðar Svansson stjórnarformaður, Guðmundur Geirdal, Sturla Þorsteinsson, Einar Birkir Einarsson og Hafsteinn Pálsson. Kolbrún Þorsteinsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson boðuðu forföll. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Gestur fundarins undir lið 2 var Ásgeir Runólfsson frá Capacent.

Tekið fyrir:

1. **Fjármögnun gas- og jarðgerðarstöðvar**
   Framkvæmdastjóri kynnir niðurstöður óformlegrar verðkönnunar á tilboðum í fjármögnun gas- og jarðgerðarstöðvar. Leitað var til bankastofnana og Lánasjóðs sveitarfélaga í lánalínu og lán til 6 og 15 ára með mismunandi kjörum.
   Tillögur framkvæmdastjóra samþykktar.
2. **Viðræður Kölku sf. og SORPU bs.**
   Formaður stjórnar, framkvæmdastjóri ásamt fulltrúa Capacent kynna stöðuna í viðræðum SORPU og Kölku um hugsanlega sameiningu sbr. viljayfirlýsingu stjórna fyrirtækjanna. Málið rætt. Stjórn leggur áherslu á að verkefnið verði kynnt nýjum sveitarstjórnum við fyrsta tækifæri eftir að ný stjórn SORPU hefur fjallað um málið.
3. **Málefni Góða Hirðisins.**
   Framkvæmdastjóri fer yfir rekstur Góða Hirðisins. Málið rætt.
4. **Samningur við SOS um móttöku úrgans af Suðurlandi.**
   Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri greina frá fundi fulltrúa SSH og SOS sem haldinn var þann 9. maí sl. Lögð fram ósk SOS um framlengingu út júnímánuð. Málið rætt. Stjórn samþykkir að framlengja samninginn til loka júní. Stjórn árettar mikilvægi þess að SOS vinni eindregið að lausn fyrir urðunarstað á Suðurlandi. Viðræðum vegna sameiginlegra lausna í sorpmálum verði haldið áfram af fullum krafti í upphafi nýs kjörtímabils.
5. **Viðbót við kjarasamning SORPU við Eflingu og Hlíf**
   Framkvæmdastjóri greinir frá því að gengið hafi verið frá samkomulagi við Eflingu og Hlíf vegna ákvæða um leiðréttingar á lífeyrismálum. Yfirverkfræðingur fer yfir áætluð áhrif breytinganna á útgjöld SORPU. Launagreiðslur á enduvinnslustöðvunum munu hækka um 7,5 milljónir á árinu 2018 en um 4,1 milljónir árin þar á eftir. Heildar launagreiðslur SORPU munu hækka um ca. 15,1 milljón árið 2018 en 11,2 milljónir árin þar á eftir.

6. **Dísel úr plasti**
   Framkvæmdastjóri greinir frá stöðu í undirbúningi þróunarverkefnis um vinnslu díesel úr úrgangsplasti.
7. **Samanburður rekstrar og áætlunar**
   Framkvæmdastjóri kynnir óendurskoðaðan samanburð á áætlun og rekstri fyrstu 3 mánuði ársins 2018.
8. **Næsti fundur**
   Næsti fundur ákveðinn síðar. Að óbreyttu er þetta síðasti fundur þessarar stjórnar og þakkar framkvæmdastjóri og starfsmenn gott samstarf á liðnu kjörtímabili.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 10:10
Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

# FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

## 288. fundur

Föstudaginn 18. maí 2018 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

**Mætt voru:**

Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Gunnar Valur Gíslason, Sigrún Edda Jónsdóttir, Guðlaug Kristjánsdóttir og Theódór Kristjánsson varamaður.

Fjarverandi: Sverrir Óskarsson.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir sviðsstjóri fjármála og reksturs sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá fundar:**

1. Leiðakerfi
2. Umhverfismál
3. Næturakstur
4. Mælaborð Strætó
5. Vagnakaup
6. Hvað má fara í vagninn
7. Akstursþjónusta fatlaðs fólks
8. Önnur mál
    a. Bókun frá hverfisráði Grafarholts og Árbæjar.
    b. Áskorun frá vinnustöðum í Hálsahverfi um bættar strætósamgöngur á svæðinu.
    c. Erindi frá bæjarfulltrúa í Garðabæ vegna akstursútboðs 2015.
    d. Erindi frá hverfisráði Hlíða, Laugardals og Háaleitis.

## Tekið fyrir:

### 1. Leiðakerfi

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögur að breytingum á leiðakerfi vegna framkvæmda við Landspítalann við Hringbraut.

Samþykkt að senda tillögurnar til umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar til umsagnar áður en þær verða afgreiddar af stjórn.

### 2. Umhverfismál

Bergný Sævarsdóttir, gæða og verkefnastjóri Strætó, fór yfir markmið Strætó í umhverfis- og öryggismálum árið 2018.

### 3. Næturakstur

Drög að mælaborði lagt fram, kynntur fjárhagsleg niðurstaða tilraunaverkefnis um næturakstri Strætó fyrstu þrjá mánuði ársins 2018.

### 4. Mælaborð Strætó

Lagt fram yfirlit yfir helstu lykilstærðir fyrstu fjóra mánuði ársins í rekstri Strætó.

### 5. Vagnakaup

Umræður um uppgjör á tafabótum vegna seinkunar á afhendingu rafvagna í samræmi við ákvæði 0.4.3 í Örútboðsgögnum nr. II frá maí 2018, þar sem fram kemur að söluaðili skuli greiða kaupanda tafabætur ef vagnar eru ekki afhentir samkvæmt ákvæði í kaupsamningi.

## 6. Hvað má fara í vagninn

Ákveðið að stjórnendur upplýsi vagnstjóra betur um hvað má fara í vagninn, sérstaklega sé áréttað að farþegar megi taka með sér drykki í lokuðum málum/umbúðum í vagninn.

## 7. Akstursþjónusta fatlaðs fólks

Umræður um akstursþjónustu fatlaðs fólks og vinnu starfshóps á vegum samráðshóps velferðarsviða sveitarfélaganna til undirbúnings, umræðu og ákvörðunartöku um framhald á samstarfi um sameiginlega akstursþjónustu fyrir fatlað fólk höfuðborgarsvæðinu að lokum núverandi aksturssamningum vegna þjónustunnar.

## 8. Önnur mál

a. Bókun frá hverfisráði Grafarholts og Árbæjar lögð fram.
b. Lögð fram áskorun frá vinnustöðum í Hálsahverfi um bættar strætósamgöngur á svæðinu. Samþykkt að senda erindið til umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkur til umsagnar.
c. Erindi bæjarfulltrúa í Garðabæ vegna akstursútboðs 2015. Framkvæmdastjóra var falið að svara erindinu.
d. Erindi frá hverfisráði Hlíða, Laugardals og Háaleitis. Framkvæmdastjóra var falið að svara erindinu i samræmi við umræður á fundinum.

Fleira var ekki tekið fyrir.
Fundi slitið: kl. 13:00

**Fylgiskjöl:**

- Mæliborð janúar- apríl 2018
- Leiðakerfi, breyting vegna framkvæmda við Landspítalann við Hringbraut, 17. maí 2018
- Áskorun um bættar almenningssamgöngur á Hálsum, 2. maí 2018
- Bókun frá hverfisráði Árbæjar og Grafarholts, 11. maí 2018
- Erindi frá bæjarfulltrúa í Garðabæ, 3. maí 2018
- Erindi frá hverfisráði Háaleiti/Bústöðum, Laugardal og Hlíðum, 9. maí 2018

# HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
## 234. fundur – 28. maí 2018
Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 30. apríl 2018. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 16.30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Guðmundar H. Einarssonar, sem ritaði fundargerð.

Fundargerð 233. fundar frá 30. apríl 2018 lögð fram.

## 1 Starfsleyfi, umsagnir, tilkynningar o.fl.

### 1.1 Starfsleyfi

**Garðabær**

1.1.1 Akrabraut 1, Garðabær – brauðgerð

Lögð fram umsókn Sigurðar Mána Helgasonar, f.h. Brauð og Co. ehf., kt. 620615-1370, dags. 7.05.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs brauðgerðar að Akrabraut 1, Garðabæ. Fastanúmer: 232-9730. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkta notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.2 Breiðumýri, Garðabær – leikskóli

Lögð fram umsókn Ragnhildar Skúladóttur, f.h. Garðabæjar, kt. 570169-6109, dags. 03.05.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með mötuneyti við Breiðumýri, Garðabæ. Fastanúmer: F2290741 Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.3 Garðaflöt 16-18, Garðabær – hársnyrtistofa

Lögð fram umsókn Gerðar H. Jónsdóttur, f.h. Madonna GHJ Hárgreiðslustofa. ehf., kt. 680406-1970, dags. 2.05.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Garðaflöt 16-18, Garðabæ. Fastanúmer: 207-0085. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.4 Hliðsnes 6, Garðabær – gististaður

Lögð fram umsókn Þórs Saari, f.h. Jóhannes ehf., kt. 610606-0910, dags. 2.05.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir gististað að Hliðsnesi 6, Garðabæ. Fastanúmer: 222-6918. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

1.1.5 Miðhraun 11, Garðabær – prentiðnaður

Lögð fram umsókn Þórhildar Helgadóttur, f.h. Sjóklæðagerðin hf., kt. 550667-0299, dags. 8.05.2018, þar sem sótt er um leyfi til silkiprentunar á fatnað að Miðhrauni 11, Garðabæ. Fastanúmer: 223-7267, Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.6 Suðurhraun 1, Garðabær – prentiðnaður

Lögð fram umsókn Kristþórs Gunnarssonar, f.h. Ísafoldarprentsmiðja ehf., kt. 540602-4330, dags. 7.05.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs prentsmiðju að Suðurhrauni 1, Garðabæ. Fastanúmer: 207-2347. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.7 Vesturbrú 7, Garðabær – leikskóli

Lögð fram umsókn Ídu Jensdóttur, f.h. Sjálands ehf., kt. 431203-2940, dags. 30.04.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með mötuneyti að Vesturhrauni 5, Garðabæ. Fastanúmer: 227-4331. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

## Hafnarfjörður

1.1.8 Einihlíð 1, Hafnarfjörður – hársnyrtistofa

Lögð fram umsókn Elínborgar Benediktsdóttur kt. 040269 4609, dags. 22.05.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Einihlíð 1, Hafnarfirði. Fastanúmer: F2243170. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.9 Flatahraun 3, Hafnarfjörður – grunnskóli

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, f.h. Framsýn menntun ehf., kt. 630615-0890, dags. 18.05.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir grunnskóla að Flatahrauni 3, Hafnarfirði. Sótt er um leyfi fyrir skóla fyrir 49 nemendur í árgöngum 8, 9 og 10 bekkja. Gildandi starfsleyfi er fyrir 35 með vísunar til undanþágu Umhverfis- og auðlindaráðherra vegna handlauga í kennslustofu og salernisaðstöðu nemenda.
Afgreiðslu frestað þar sem forsvarsmaður rekstraraðili hefur upplýsti að til standi að starfsemin hætti í þessu húsnæði fljótlega. Gangi það ekki eftir fyrir næsta skólaár þarf að afla undanþágu frá ráðherra að nýju um undanþágu frá ákvæðum hollustuháttareglugerðar og endurnýja samning við aðra starfsemi í húsinu vegna aðgangs að salernum.

1.1.10 Hádegisskarð 1, Hafnarfjörður – grunnskóli

Lögð fram umsókn Ingibjargar Magnúsdóttur f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 27.04.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir grunnskóla með mötuneyti við Hádegisskarð 1, Hafnarfirði. Fastanúmer: 233-0520. Ný starfsemi.
Fyrsti áfangi í notkun verður í húshluta C og verður þar kennsla 1.- 5. bekkjar ásamt húsæði fyrir móttökueldhús. Lokateikningar af mannvirkjum verða lagðar fram hjá leyfisveitanda byggingarleyfis fljótlega.
Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt fyrir starfsemi í 1. áfanga til allt að 2 ára.

1.1.11 Hjallahraun 8, Hafnarfjörður – verkstæði

Lögð fram umsókn Stefáns Magnússonar, f.h. Klifs ehf., kt. 550366-0109, dags. 30.04.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verkstæðis hjá innflutningsfyrirtæki með iðnaðar- og efnavörur að Hjallahrauni 8, Hafnarfirði. Fastanúmer: 207-5705. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnarreglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.12 Hólshraun 7, Hafnarfjörður – matvælavinnsla

Lögð fram umsókn Arnar Gísla Jenssonar f.h. Stóru Fjölskyldunnar ehf., 640817- 0620, dags. 30.04.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvæladreifingar og matvælavinnslu að Hólshrauni 7, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.13 Koparhella 1, Hafnarfjörður – steypustöð

Lögð fram umsókn Péturs Ingasonar f.h Steinsteypunnar ehf., 510515-1290, dags. 24.05.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir rekstri steypustöðvar að Koparhellu 1, Hafnarfirði.
Fyrir liggja teikningar Riss verkfræðistofu dags,. 21.05.2018 og fylgiskjal með umsókn dagsett 24.05.2018. Framkvæmdir eru ekki hafnar en áformað er að rekstur hefjist sumarið 2018.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnarreglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 2 ára með fyrirvara um að fyrir liggi samþykki byggingafulltrúa og skipulagsfulltrúa um að starfsemin samrýmist samþykktri notkun fasteigna sem og landnotkun og byggðaþróun í Hafnarfirði og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa

1.1.14 Krísuvík, Hafnarfjörður – vatnsból

Lögð fram umsókn Guðmundar Elíassonar f.h. Hafnarfjarðarbæjar (Vatnsveitu Hafnarfjarðar) kt. 590169-7579, dags. 17.05.2018, þar sem sótt er um endurnýjun á starfsleyfi fyrir vatnsból í Krísuvík ásamt vatnsdreifingar til skólahúsnæðis og aðstöðuhús í Seltúni. Aðalskipulag Hafnarfjarðar Krýsuvík 2013-2015 fylgir umsókn og fram kemur afmörkun vatnsverndar.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt.

1.1.15 Lónsbraut 1, Hafnarfjörður – fiskvinnsla

Lögð fram umsókn Steingríms Leifssonar, f.h. Stakkholts ehf., kt. 671217-0390 dags. 14.05.2018, þar sem sótt er um leyfi til að yfirtaka starfsleyfi Frostfisks kt. 680492 2479 vegna reksturs fiskvinnslu að Lónsbraut 1, Hafnarfirði. Fastanúmer: 229-7641. Endurútgáfa starfsleyfis.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er endurútgáfa starfsleyfis samþykkt til 28.01.2030.

1.1.16 Reykjavíkurvegur 68, Hafnarfjörður – veitingastaður

Lögð fram umsókn Guosheng Kan, f.h. Sunny Travel ehf., kt. 470414-0490 dags. 8.05.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði. Fastanúmer:207-8672 og 8673. Nýr rekstaraðili.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.17 Skipalón 21, Hafnarfjörður – daggæsla

Lögð fram umsókn Magnúsar Karls Daníelssonar, kt. 310156-3299, dags. 6.05.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir daggæslu, allt að 10 börn, að Skipalóni 21, Hafnarfirði. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

1.1.18 Suðurgata 41, Hafnarfjörður – niðurrif

Lögð fram umsókn Sigurðar H. Árnasonar f.h. Fagás slf., kt. 570816-1520, dags. 14.05.2018, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs anddyri St. Jósefsspítala að Suðurgötu 41, Hafnarfirði. Tímabundin starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi til 10.06.2018 staðfest.

**Kópavogur**

1.1.19 Borgarholtsbraut 67, Kópavogur – niðurrif

Lögð fram umsókn Work North ehf., kt. 521184-0869, dags. 8.05.2018, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs íbúðarhúss að Borgarholtsbraut 67, Kópavogi. Tímabundin starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er mælt með staðfestingu starfsleyfis til 16. júní 2018.

1.1.20 Funahvarf 2 – Íþróttahús Vatnsendaskóla

Lögð fram umsókn Gunnars Guðmundssonar f.h. Kópavogsbæjar, kt.700169-3759, dags. 16.05.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir Íþróttahús að Funahvarfi 2, Kópavogi. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.21 Hagasmári 1, Kópavogur – húðgötun

Lögð fram að nýju umsókn Björns Árna Ágústssonar, f.h. MEBA ehf., kt. 470285-1099, dags. 12.02.2018, þar sem sótt er um leyfi til húðgötunar í eyrnasnepla í verslun fyrirtækisins að Hagasmára 1, Kópavogi. Fastanúmer: 222-7650. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.22 Kópavogsbraut 5C, Kópavogur – grunnskóli

Lögð fram umsókn Ídu Jensdóttur f.h. Arnarskóli ses, kt. 490517-1380, dags. 2.05.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir grunnskóla með mötuneyti við Kópavogsbraut 5C, Kópavogi. Fastanúmer: 206-3374. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkta notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.23 Kópavogsbraut 69, Kópavogur – niðurrif

Lögð fram umsókn Sigurjóns Gunnsteinssonar f.h. Kópavogsbraut ehf, kt. 700816-3540, dags. 26.04.2018, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs íbúðarhúss að Kópavogsbraut 69 og skemmu á aðliggjandi lóð, Kópavogi. Tímabundin starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt tímabundið starfsleyfi þegar úttekt heilbrigðisfulltrúa hefur farið fram.

1.1.24 Sandskeið, Kópavogur – framkvæmdir á vatnsverndarsvæði

Lögð fram umsókn Önnu Nielsen, f.h. Veitna ehf., kt. 501213-1870, dags. 15.05.2018, þar sem sótt er um tímabundið starfsleyfi vegna framkvæmda á vatnsverndarsvæði við lagningu háspennustrengs og ljósleiðara. Tímabundin framkvæmd.
Með vísun til ákvæða samþykktar um vatnsverndarsvæði er starfsleyfi samþykkt til framkvæmda á sumartíma.

1.1.25 Skemmuvegur 32, Kópavogur – smurstöð

Lögð fram umsókn Gunnars Haraldssonar f.h. Metverk ehf., kt. 420513-1940, dags. 08.05.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verkstæðis og smurstöðvar að Skemmuvegi 32, Kópavogi. Fastanúmer: 206-4903. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.26 Skemmuvegur 48, Kópavogur – steinsmiðja

Lögð fram umsókn Brjáns Guðjónssonar f.h. S. Helgason ehf., kt. 540269-0689, dags. 08.05.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs steinsmiðju að Skemmuvegi 48, Kópavogi. Fastanúmer: 206-4923. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.27 Smáratorg 3, Kópavogur – dreifing matvæla, veitingasala – fyrirlestrarsalur

Lögð fram umsókn Sunnu Dóru Einarsdóttur f.h. Deloitte ehf., kt. 521098-2449, dags. 26.04.2018, þar sem sótt er um leyfi til veitingareksturs að Smáratorgi 3, Kópavogi. Fastanúmer: 228-9966. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað og óskað eftir teikningum af innra skipulagi húsnæðis vegna matvæladreifingar.

1.1.28 Smiðjuvegur 4, Kópavogur – snyrtistofa

Lögð fram umsókn Guðbjargar Óskar Sigurþórsdóttur f.h. Adara Snyrtistofa / Sportsalan slf., kt. 550410-0280, dags. 04.05.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir snyrtistofu að Smiðjuvegi 4, Kópavogi. Starfsemin er í tengslum við húsnæði hárgreiðslustofu Birtu og Binna ehf. á sama stað. Fastanúmer: 206-3374. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 20.01.2020 að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.29 Sæbólsbraut 51, Kópavogur - matvæladreifing

Lögð fram umsókn Hjördísar Sjafnar Ingimundardóttir f.h. Abel ehf., kt. 580202-2250 þar sem sótt er um leyfi til dreifingar á matvörum. Lögheimili verður að Sæbólsbraut 51 sem er í íbúðarhverfi en vörudreifing frá birgðageymslum fyrirtækja með starfsleyfi samkvæmt matvælalögum.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin valdi ekki ónæði í sínu umhverfi sem er íbúðahverfi og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.30 Tónahvarf 9, Kópavogur – trésmíðaverkstæði

Lögð fram umsókn Elíasar Guðmundssonar f.h. Sérverk ehf., kt. 571091-1279, dags. 30.04.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir trésmíðaverkstæði að Tónahvarfi 9, Kópavogi. Fastanúmer: 232-9403. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.31 Víkurhvarf 1, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Ársæll Þór Bjarnason, f.h. Core ehf., kt. 521099-2919, dags. 4.05.2018, þar sem sótt er um leyfi til dreifingar matvæla frá Víkurhvarf 1, Kópavogi. Fastanúmer: 01 0102 . Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um skil á úrbótaáætlun og úttekt heilbrigðisfulltrúa.

## 1.2 Umsagnir

### Hafnarfjörður

1.2.1 Strandgata 9, Hafnarfjörður – kaffihús, rekstarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 08.05.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn S.L.Kaffi ehf., kt. 650909-0460, þar sem sótt er um breytingu á gestafjölda á áður fengnu rekstrarleyfi fyrir veitingastað samkvæmt flokki II við Strandgötu 9, Hafnarfirði.
Jákvæð umsög staðfest.

1.2.2 Víðistaðatún, Hafnarfjörður - útihátíð, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 18.05.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Dillons ehf. um tækifærisleyfi vegna veitinga á Víðistaðatúni í tilefni af Víkingahátíð í Hafnarfirði 11. júní 2018 til 17. júní 2018.
Jákvæð umsögn verður veitt þegar fyrir liggur fullnægjandi úttekt á aðstöðu.

### Kópavogur

1.2.3 Auðbrekka 25-27, Kópavogur – veitingastaður, rekstarleyfi

Lagður fram tölvupóstur sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu frá 17. maí 2018 varðandi rekstarleyfi DT Veitinga ehf. sbr. umsögn heilbrigðisnefndar 26. júní 2017.
Heilbrigðisnefnd mælir gegn útgáfu ótímabundins leyfis og leggur til leyfistíma til 1 árs sbr. 7. mgr. 26. gr. reglugerðar nr. 1277/2016.

1.2.4 Dalvegur 10-14, Kópavogur - kaffihús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 30.04.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Rush Iceland ehf., kt. 710717-0440, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað samkvæmt flokki II við Dalvegi 10-14, Kópavogi.
Mælt er með frestun þar sem fullnægjandi teikningar af veitingasölu liggja ekki fyrir

## 1.3 Annað

1.3.1 Austurgata, Hafnarfjörður
Lagt fram erindi Svavars G. Jónssonar f.h.Heima hjá þér sf. um veitingasölu í tjaldi við Austurgötu 30 í Hafnarfirði á Austurgötuhátíðinni 17. júní n.k. Starfsemin er rekin í tenglum við rekstur veitingastaðarins að Tjarnarvöllum 15, Hafnarfirði.
Leyfi samþykkt með vísun til ákvæða reglugerðar 856/2016 að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.3.2 Hamraborg 4, Kópavogur – afmælishátíð
Lögð fram tilkynning Rauða krossins í Kópavogi frá 16. maí 2018 varðandi afmælishátíð við menningarhúsin í Kópavogi 2. júní n.k.
Tilkynning móttekin með vísun til ákvæða reglugerðar 580/2012.

1.3.3 Heiðmörk, Garðabær
Lagt fram erindi Hugrúnar Hannesdóttur f.h. Skíðagöngufélagsins Ullar varðandi kaup á nýjum vélsleða til notkunar við lagningu skíðaspora í Heiðmörk.
Jákvæð afstaða er til erindisins og því vísað til framkvæmdastjórnar um vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu til úrvinnslu.

1.3.4 Hrauntunga, Hafnarfjörður – gisting
Lögð fram umsókn Hrannar Bergþórsdóttur f.h. Hafnarfjarðarbæjar kt. 590169-7579, dags, 28.05.2018 þar sem sótt er um leyfi til reksturs tímabundinnar gistiaðstöðu í íþróttasal Víðistaðaskóla dagana 14. til 17. júní n.k í tengslum við víkingahátíð
Leyfisveiting samþykkt.

1.3.5 Víðigrund, Kópavogur - íþróttasalur

Lögð fram umsókn Gunnars Guðmundssonar f.h. Kópavogsbæjar, kt.700169-3759, dags. 16.03.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir starfsemi í íþróttasal Íþróttahússins við Víðigrund, Kópavogi sumarið 2018.
Leyfisveiting samþykkt.

1.3.6 Víðistaðatún, Hafnarfjörður, útihátíð
Lögð fram umsókn Evu Guðmundsdóttur f.h. Rimmugýs áhugamannafélags, kt. 7000497-2409, dags. 25.05.2018 þar sem sótt er um leyfi vegna útihátíðar. (Víðistaðatún, víkingahátíð dagana 14. til 17. júní 2018.
Leyfi verður veitt þegar fyrirliggur fullnægjandi úttekt á hreinlætisaðstöðu.

1.3.7 Vorfundur Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar 2018
Farið yfir helstu mál á dagskrá vorfundar Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar með framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlitssvæða sem fram fór 8. og 9. maí 2018.

## 2 Skipulagsmál

### 2.1 Hundasleppisvæði á Óla Run túni. Hafnarfjörður
Lagður fram tölvupóstur skipulags- og byggingaþjónustu Hafnarfjarðar þar sem óskað er álits í samræmi við 3. gr. samþykktar um hundahald á Álftanesi, í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi á tillögum að hundagerði (svæði til að sleppa hundum lausum) á Óla Run túni í Hafnarfirði.
Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn um tillöguna.

### 2.2 Brú yfir Fossvog. Deiliskipulag.
Lagður fram tölvupóstur skipulagsstjórans í Kópavogi frá 25. maí 2018 um tillögu á vinnslustigi að deiliskipulag um brú yfir Fossvog.
Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd.

### 2.3 Hafnarbraut, Bakkabraut. Svæði 9. Kópavogur
Lagt fram erindi Kópavogsbæjar frá 11. maí 2018 þar sem kynnt er tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir svæði 9. Hafnarbraut 12-23. Bakkabraut 12, 14 og 16. Kópavogur.
Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd.

## 3 Umhverfisvöktun við strendur og í vötnum og lækjum
Kynntar niðurstöður mælinga við strendur og í vötnum og lækjum í maí 2018.

## 4 Samráðsfundur hjá Rio Tinto Alcan
Lagður fram til kynningar tölvupóstur Rio Tinto Alcan frá 7.5.2018 ásamt yfirlitsskýrslu fyrir árið 2017 sbr. gr. 4.10 í starfsleyfi.

## 5 Erindi með ábendingum og fyrirspurnum um eftirlit með hundahaldi
Lagt fram erindi Óskars Veturliða Sigurssonar og Hafrúnar Önnu Sigurbjörnsdóttur frá 16. maí 2018 vegna ábendingar og fyrirspurn vegna hundaeftirlits, árás hunds á barn og framkvæmd eftirlits með hundahaldi á eftirlitssvæðinu.
Heilbrigðisnefnd harmar þetta alvarlega atvik en metur að heilbrigðiseftirlitið hafi brugðist við samkvæmt hlutverki sínu og felur framkvæmdastjóra að svara erindinu.

## 6 Önnur mál
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:35

Jón Haukur Ingvason
Fjölnir Sæmundsson
Jón Bjarni Þorsteinsson

Gnýr Guðmundsson
Svava H. Guðmundsdóttir
Hörður Svavarsson

**Systkina- og fjölgreinaafsláttur**
**Tillaga**
**Flutningsmaður Harpa Þorsteinsdóttir**

Garðabæjarlistinn leggur til að settur verði á laggirnar starfshópur til að skoða hvernig systkina og fjölgreinaafslætti er háttað í nágrannasveitarfélögum. Starfshópurinn skoðar sérstaklega kostnað og útfærslur. Starfshópurinn leggur fram hugmyndir um hvernig best sé fyrir íþróttafélög í Garðabæ að innleiða systkina og fjölgreinaafslátt og með hvaða hætti Garðabær geti stutt við þá innleiðingu. Starfshópinn skipa einn frá Garðabæjarlistanum, einn frá Sjálfstæðisflokki, einn frá Stjörnunni, einn frá UMFÁ og íþróttafulltrúi Garðabæjar. Starfshópurinn skilar sínum hugmyndum fyrir 30. september 2018. Garðabæjarlistnni leggur til að stefnt verði að því að innleiða systkina og fjölgreinaafslátt hjá íþróttafélögum í Garðabæ í janúar 2019.

**Greinagerð**

Með systkinaafslætti er stigið mikilvægt skref í að minnka útgjöld barnafjölskyldna í bæjarfélaginu og er það í takt við fjölskylduvænar áherslur. Ávinningur þess að koma á systkinaafslætti felur auk þess í sér að tryggja að öll börn hafi sem jafnastan aðgang að íþrótta- og tómstundaiðkun ásamt því að fá aukin tækifæri til þess að prufa fleiri greinar. Mikilvægt er að farið verði í að leita leiða í samningaviðræðum við Stjörnuna og UMFÁ um útfærslur á systkinaafslætti á æfingagjöldum frá 5-18 ára aldurs. Í samanburði við nágrannasveitarfélögin þá er Garðabær eftirbátur nágrannasveitarfélaga hvað varðar systkinaafslætti og jafnframt eru æfingagjöld í hærra lagi. það er því ljóst að með þessari breytingu myndi létta á útgjöldum barnafjölskyldna að verulegu leyti. Útfærsla systkinaafsláttar eru með ýmsu móti, í nágrannasveitafélögum er afsláttur á bilinu 10-15%, útfærður á mismunandi vegu og því mikilvægt að koma á samræmi á milli íþróttafélaga innan sveitafélagsins hvað þetta mál varðar.

**Lagt fyrir bæjarstjórn 21. júní 2018**

**Virkjum lýðræðið**
**Tillaga**
**Flutningsmaður Sara Dögg Svanhildardóttir**

Garðabæjarlistinn leggur til að hlutfall nefndarfulltrúa milli meirihluta og minnihluta verði endurskoðað í ljósi þeirrar niðurstöðu sem fékkst með því að beita reiknireglunni d'Hondt. Niðurstaðan leiðir til mikils lýðræðishalla þar sem fjöldi nefndarmanna sem hvor listi fær er ekki í samræmi við hlutfallslega skiptingu atkvæða.

Í samræmi við jákvæðar vísbendingar frá bæjarfulltrúum Sjálfstæðisflokks varðandi áhuga á lýðræðislegri vinnubrögðum og vegna áherslna Garðabæjarlistans á virkara lýðræði er hér lagt til að tekið verði mið af hlutfallslegri skiptingu atkvæða milli framboðanna tveggja þegar raðað verður í nefndir og bæjarráð. Þannig fái Sjálfstæðisflokkurinn úthlutað 4 fulltrúum í hverja nefnd og bæjarráð og Garðabæjarlistinn tveimur fulltrúum í hverja nefnd og í bæjarráð. Enn fremur er lagt til að formaður nefnda hafi tvöfalt atkvæðavægi svo enginn vafi liggi á hvar meirihlutinn liggur enda gengur tilllagan fyrst og fremst út á aukið vægi lýðræðislegrar umræðu í nefndum og ráðum bæjarstjórnar Garðabæjar.

Greinargerð
Við búum við meirihlutalýðræði þar sem meirihlutinn ræður. Að virkja lýðræðið enn frekar getur verið til hagsbóta og eftirbreytni fyrir samfélagið allt. Með þessari tillögu Garðabæjarlistans er lögð áhersla á aukið lýðræði í samskiptum fulltrúa bæjarstjórnar í öllum nefndum og ráðum sveitarfélagsins.

Aukið lýðræði kallar á aukið samráð. Með fjölgun fulltrúa í nefndum og bæjarráðum þannig að Garðabæjarlistinn skipi tvo fulltrúa í hverri nefnd á móti fjórum fulltrúum Sjálfstæðisflokksins sjáum við fyrir okkur mikið framfara skref í auknu samtali og viðurkenningu á lýðræðislegri vinnubrögðum þar sem lýðræðið fær raunverulega aukið vægi á starfsvettvangi bæjarfulltrúa Garðabæjar.

**Tillaga um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:**

Garðabær, kt. 570169-6109 samþykkir hér með á fundi bæjarstjórnar 21. júní 2018 að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 400.00.000, með lokagjalddaga þann 05.04.2034, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.

Garðabær samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið m.a. til byggingar Urriðaholtsskóla og endurnýjunar á sundlaug Garðabæjar sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Gunnari Einarssyni, bæjarstjóra, kt. 250555-4079, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Garðabæjar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Rithandarsýnishorn umboðshafa:

______________________________

[Nafn umboðshafa]

BST/15/06/2018

**Efni: Tillaga um sumarleyfi bæjarstjórnar 2018.**

Með vísan til 14. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 svo og 8. gr. samþykktar um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013 samþykkir bæjarstjórn að fella niður reglulega fundi í sumarleyfi bæjarstjórnar í júlí og til 16. ágúst 2018. Fyrsti fundur bæjarstjórnar eftir sumarleyfi verður boðaður með dagskrá sem send verður bæjarfulltrúum 14. ágúst 2018.

Bæjarstjórn samþykkir að veita bæjarráði fullt umboð til afgreiðslu mála meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur, svo sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.